


**skoðun 16**


SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk











# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
5. september 2012
208. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Gagnlegur skáldskapur**

*Sálfræðingurinn Keith Oatley hefur rannsakað áhrif bóklestur á líf fólks.*

**menning 26**

**Tónlistarveisla**

*Yfir 500 þátttakendur á norrænu kirkjutónlistarmóti.*

**tímamót 22**



**Ánægður á Ítalíu**

*Emil Hallfreðsson er einn af lykilmönnum Verona og líkar lífið vel á Ítalíu.*

**sport 34**

**veðrið í dag**




**RIGNING** Í dag má búast við suðvestan 6-15 m/s, hvassast við suðurströndina. Horfur á töluverðri rigningu, fyrst SV-til en úrkomusvæðið færist austur á bóginn er líður á daginn.

**VEÐUR 4**

# Tugir ættleiðinga í uppnámi

**Um þrjátíu fjölskyldur eru fastar með ættleiðingarumsóknir í kerfinu vegna bágrar fjárhagsstöðu Íslenskrar ættleiðingar. Einhverjar að renna út á tíma. Drög að samningi liggja fyrir en beðið eftir fjárlagafrumvarpi.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Þetta eru um þrjátíu fjölskyldur núna sem eru stopp og vita ekki neitt," segir Hörður Svavarsson, formaður Íslenskrar ættleiðingar.

Félagið hætti að halda námskeið fyrir kjörforeldra í vor vegna fjárskorts, en seta á námskeiðinu er skilyrði fyrir því að hægt sé að gefa út forsamþykki fyrir ættleiðingu og senda umsóknir úr landi.

Hörður segir stöðuna bagalega, fólkið sé innlyksa með umsóknir sínar. „Þessu fólki líður auðvitað illa því eins og frægt er vinnur tíminn ekkert með fólki sem er í þessu ættleiðingarferli. Það fer oft seint af stað og er að eldast út úr ættleiðingarferlinu."

Drög að þjónustusamningi milli innanríkisráðuneytisins og Íslenskrar ættleiðingar liggja fyrir og hafa verið til umfjöllunar í ráðuneytinu. Samkvæmt svari Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra við fyrirspurn Unnar Brár Konráðsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um málið þarf ráðuneytið að meta skyldur Íslenskrar ættleiðingar samkvæmt lögum og greina fjárveitingar með tilliti til þeirra áður en hægt er að ljúka gerð samnings.

Samningar hafa verið lausir frá árinu 2009. „Ráðuneytið óskaði eftir því við fjárveitingarvaldið að það fengist framlag í fjáraukalögum í haust og ætlaði einnig að óska eftir hækkun í fjárlagafrumvarpinu, hækkun sem okkur fannst ekki nógu mikil." Því sé nú beðið eftir því að fjárlagafrumvarpið verði lagt fram. „Það er ekki búið að leggja það fram og við vitum ekkert hvað kemur út úr því. Á meðan gerir ráðuneytið ekki nýjan þjónustusamning og allt er við það sama. Maður skilur auðvitað að það er ekki hægt að ráðstafa peningum nema að hafa til þess heimild."

Félagið greindi frá því í vor að það þyrfti um 54 milljónir króna til að geta sinnt því hlutverki sem því er ætlað. Á fjárlögum ársins 2012 var upphæðin 9,2 milljónir.

Hörður segir félagið mæta mikilli velvild. „Það eru allir rosalega mikið af vilja gerðir, en hafa bara verið það í svo mörg ár. Þess vegna erum við aðeins að spyrna við núna, við höfum verið í viðræðum við ráðuneytið í þrjú ár en ekkert hefur komið út úr því." **- þeb**

**Ættleiðingar frá Tógó hafnar**

Tvö munaðarlaus börn frá Tógó hafa eignast fjölskyldur hér á landi. Eitt barnanna er komið til landsins en hitt er væntanlegt á næstunni. Vinna að ættleiðingarsambandi við ríkið hefur staðið yfir frá árinu 2009, en það var félagið Alþjóðleg ættleiðing sem hóf þá vinnu. Félagið sameinaðist síðar Íslenskri ættleiðingu, sem fékk löggildingu fyrir ættleiðingum frá Tógó í febrúar í fyrra.



**ÍSLANDSBIKARINN Á LOFT** Arna Sif Ásgrímsdóttir, fyrirliði Þórs/KA, lyftir hér Íslandsbikarnum í gærkvöldi við mikinn fögnuð félaga sinna í liðinu. Þór/KA var spáð fimmta sæti fyrir mótið en kom öllum á óvart með frábærri spilamennsku í allt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Þór/KA-konur færðu Akureyrarbæ Íslandsmeistaratitil í afmælisgjöf í gærkvöldi:

# Íslandsmeistarar í fyrsta skipti

**FÓTBOLTI** Kvennalið Þórs/KA tryggði sér fyrsta Íslandsmeistaratitilinn í sögu félagsins með sannfærandi 9-0 sigri á Selfossi á Akureyri í gærkvöldi. Þetta er í fyrsta sinn í aldarfjórðung sem Íslandsbikar kvenna fer af höfuðborgarsvæðinu og í fyrsta sinn síðan 1989 sem Akureyri á Íslandsmeistara í fótbolta eða síðan KA-menn unnu karlatitilinn fyrir 23 árum.

Þetta var líka frábær afmælisgjöf norðanstelpna til Akureyrarbæjar sem hélt upp á upp á 150 ára afmæli á dögunum.

Stelpurnar í Þór/KA buðu upp á sannkallaða flugeldasýningu inni á vellinum og var síðan fagnað með blysum og flugeldum í leikslok. Sandra María Jessen og Katrín Ásbjörnsdóttir skoruðu báðar þrennu í gær og hin 17 ára Sandra María er nú markahæst í deildinni með sautján mörk.

„Tilfinningin er ólýsanleg. Ég skelf enn. Þetta er dásamlegt," sagði Karen Nóadóttir, uppalinn miðjumaður Þórs/KA í leikslok. Þrátt fyrir að vera aðeins 22 ára man Karen tímana tvenna með meistaraflokki félagsins. „Ég man þegar við töpuðum leikjum 10-0 og 12-1. Það hefur mikið breyst síðan þá," sagði Karen. **- óój, ktd /** **Sjá Íþróttir bls 34**

Ný þáttaröð í bígerð:

# Fylgdist með fellihýsunum

**SJÓNVARP** „Þetta fjallar svolítið um þetta helvíti þegar fjölskyldur sem dagsdaglega eyða kannski litlum tíma saman eru settar í þær aðstæður að þurfa að eyða tíma saman og takast á hvert við annað," segir Hafsteinn Gunnar Sigurðsson sem hefur verið ráðinn til að leikstýra sinni fyrstu sjónvarpsþáttaröð sem heitir Helvítis Ísland.



**HAFSTEINN G. SIGURÐSSON**

Huldar Breiðfjörð handritshöfundur segist hafa fengið hugmyndina að þáttaröðinni eftir að hafa fylgst með fellihýsamenningunni sem hefur verið að myndast hérlendis á ferðum sínum.

Fyrsta kvikmynd Hafsteins Gunnars, Á annan veg, var í gær tilnefnd til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs. **- fb /** **sjá síðu 38**


TÍMI TIL AÐ TÍNA!




www.forlagid.is






**SPURNING DAGSINS**



*Hrafnkell, eru þetta ekki bara einhverjir vindbelgir?*

„Ég vona bara að þeir fjúki ekki út í veður og vind.“

Tíu fremstu seglbrettakappar heims vilja koma hingað og stunda iðju sína í úfnum íslenskum sjó, en þurfa hins vegar vindhraða sem nemur 28 metrum á sekúndu til að það gangi. Hrafnkell Sigtryggsson annast mál þeirra hérlendis.

Söfnunarátak UNICEF á Íslandi til aðstoðar flóttabörnum frá Sýrlandi hefst í dag:

# Vandi flóttabarna frá Sýrlandi fer vaxandi

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, á Íslandi hefur í dag söfnun til styrktar neyðaraðgerðum til hjálpar sýrlenskum börnum í flóttamannabúðum í nágrannaríkjunum.

Ástandið er slæmt í flóttamannabúðunum þar sem nú eru nær 250.000 manns og þar af um helmingur börn. Straumurinn eykst sífellt og flúðu til dæmis 100.000 manns frá Sýrlandi í ágústmánuði einum.

Steina Björgvinsdóttir er barnaverndarfulltrúi hjá UNICEF með aðsetur í Jórdaníu og segir hún í samtali við Fréttablaðið að tíminn skipti sköpum.

„UNICEF sér meðal annars um heilbrigðisþjónustu og að tryggja aðgang að drykkjarvatni og að börn geti haldið skólagöngu sinni áfram. Börnin hafa upplifað mikið og eru undir miklu álagi. Til að þau geti komið lífi sínu í skorður höfum við komið upp svokölluðum barnvænum svæðum innan búðanna þar sem þau finna öryggi. Við höfum komið upp slíkum svæðum fyrir um 2.500 börn í Za´atari-búðunum í Jórdaníu, en í augnablikinu eru þar um 15.000 börn. Það er afar áríðandi að við getum byggt fleiri svæði sem fyrst.“

Steina segir að upphæð sem er lág í augum Íslendinga geti skipt sköpum fyrir börn í flóttamannabúðum. Hægt er að styrkja málefnið um 1.500 krónur með því að senda SMS-skilaboðin „unicef“ í síma 1919. Einnig er hægt að leggja söfnuninni lið á heimasíðunni Unicef.is. - þj



**SAFNAÐ FYRIR FLÓTTABÖRN** UNICEF á Íslandi hefur í dag söfnunarátak til styrktar sýrlenskum börnum í flóttamannabúðum. NORDICPHOTOS/AFP

Landeigendur í Aðaldal:

## Grunaðir um náttúruspjöll

**NÁTTÚRUVERND** Lögregla rannsakar nú meint brot á náttúruverndarlögum þar sem landeigendur í Aðaldal í Þingeyjarsveit eru grunaðir um að hafa tekið efni úr friðuðum gervigígum.

Umhverfisstofnun barst ábending vegna efnistöku landeigendanna, en ekki hafi verið sótt um leyfi til efnistökunnar.

Framkvæmdir voru stöðvaðar umsvifalaust, en umtalsverð spjöll höfðu þegar verið unnin á gígum.

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir, deildarstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir í samtali við Fréttablaðið að algengt sé að slík brot séu kærð til lögreglu og nokkuð sé um að jarðefni sé tekið úr friðuðum svæðum.

„Þegar ráðist er í slíkar framkvæmdir er mikilvægt að viðkomandi leiti leyfa skipulagsyfirvalda. Það á að fara eftir landslögum og það hefur orðið misbrestur á því í þessu tilfelli,“ segir Aðalbjörg Birna. - þj

Brákarhlíð í Borgarnesi:

## Auglýsingaskilti hverfi á braut

**SKIPULAGSMÁL Forsvarsmenn Dvalarheimilis aldraðra í Borgarnesi hafa óskað eftir því að auglýsingaskilti á gatnamótum Borgarbrautar og þjóðvegar 1 verði fjarlægð. Ný álma var tekin í notkun í Brákarhlíð í júlí.**

**Að sögn Björns Bjarka Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra dvalarheimilisins, horfir heimilisfólk í bakið á umræddum skiltum.**

**„Þetta er kannski ekki það huggulegasta fyrir mitt fólk að horfa á,“ segir Björn sem kveður skiltin í raun standa inni á lóð heimilisins. „Við erum einfaldlega að skipuleggja okkar lóð og biðja í fullri vinsemd um viðræður um það hvar hægt sé finna þessum skiltum heppilegri stað.“** - gar

# Axlarbrotinn heldur Gerðahverfi hreinu

**Sigtryggur Helgason kveðst forða sér frá þunglyndi og fá aðra til að brosa með því að snyrta í hverfinu sínu. Fyrr í sumar fyllti Sigtryggur 25 stóra ruslapoka. Að undanförnu hefur hann einbeitt sér að illgresi við götur og gangstéttar.**

**FÓLK** „Ef ég væri ekki að finna mér eitthvað svona þá lægi ég bara uppi í rúmi í þunglyndi,“ segir Sigtryggur Helgason, íbúi í Hlyngerði í Reykjavík, sem í sumar hefur haldið hverfinu sín hreinu og snyrtilegu.

„Ég er með vírbursta og hreinsa allt gras af gangstéttunum, við kantsteina og þar sem það er upp við veggi og set eitur. Síðan sópa ég svo allt sé hreint og fínt. Svo hjálpa ég líka sumum nágrönnum mínum með því að fara aðeins inn á lóðirnar þeirra,“ segir Sigtryggur, sem sjálfsagt er þekktastur meðal samborgaranna fyrir viðamiklar ljósaskreytingar við hús sitt um jólin.

Eiginkona Sigtryggs lést fyrir þremur árum. Sjálfur verður hann 82 ára eftir tvo mánuði. Hann segist hafa tekið upp á því í hittiðfyrra að snyrta til í hverfinu en hafi þó verið of veikur til þess í fyrra. Í sumar hafi hann reynt eftir mætti að koma hlutunum í betra horf.

„Ég hef verið að gera þetta eins og ég haft heilsu til en ég get lítið gert því ég er axlarbrotinn og verð bara að vera á hnjánum og nota vinstri höndina,“ segir Sigtryggur. Hann kveðst fara um á jeppanum sínum með stóra svarta ruslapoka í skottinu. „Ég er með fötu sem ég hvolfi úr í pokann því að ég get ekki lyft 50 kílóa poka með vinstri hendinni. Þannig að ég geri þetta á þann máta sem mér tekst.“

Fyrr í sumar safnaði Sigtryggur rusli í 25 stóra poka og kom þeim upp á Sorpu með sendibílum. Verst segir hann ástandið hafa verið á göngustíg á milli gatnanna. „Það var alveg hrikalegt,“ segir hann og undirstrikar að mikilvægt sé að hafa hverfið snyrtilegt. Því virðist fleiri vera sammála.



**SIGTRYGGUR HELGASON** Þrátt fyrir veikindi og axlabrot hefur Sigtryggur Helgason bætt ásýnd hverfisins sem hann býr í með því að tína upp rusl og uppræta illgresi. Á veturna lýsir hann upp skammdegið með litskrúðugum jólaseríum við hús sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég get lítið gert því ég er axlarbrotinn og verð bara að vera á hnjánum og nota vinstri hendina
>
> SIGTRYGGUR HELGASON Í HLYNGERÐI.

„Nágrannarnir eru afskaplega glaðir og mjög jákvæðir. Það er mikið atriði hjá mér að fá fólk til þess að brosa og vera glatt,“ segir hann um viðbrögð fólks í hverfinu. Aðspurður segir Sigtryggur þó enga hafa slegist í lið með honum:

„Ég kæri mig heldur ekkert um það – ég vil bara vera einn í þessu og er á lokastigi með þetta. Á eftir að sópa og taka tvær lóðir,“ segir Sigtryggur og heldur ótrauður áfram.

gar@frettabladid.is

Apple boðar til fundar:

## Talið að Iphone 5 verði kynntur

**TÆKNI** Tæknirisinn Apple hefur boðað til blaðamannafundar í næstu viku. Sem fyrr gefur fyrirtækið ekki upp hvert fundarefnið er. Það þykir þó vera nær öruggt að nýr Iphone-snjallsími verði afhjúpaður á fundinum.

Þrálátur orðrómur hefur verið á kreiki um að Apple muni kynna nýjan snjallsíma til sögunnar í haust. Þá er einnig búist við að fyrirtækið muni opinbera minni útgáfu af Ipad-spjaldtölvunni.

Ef marka má fréttatilkynningu Apple er ljóst að snjallsíminn verður einfaldlega kallaður Iphone 5.



**IPHONE** Talið er að nýr Iphone verði kynntur þann 12. september næstkomandi.

Átta gæslumenn ráðnir:

## Gæta að réttindum fatlaðra

**SAMFÉLAGSMÁL** Átta réttindagæslumenn fatlaðs fólks hafa tekið til starfa víðs vegar um landið. Réttindagæslumennirnir voru ráðnir samkvæmt nýjum lögum sem samþykkt voru í fyrra.

Helstu verkefni réttindagæslumanna eru að aðstoða og leiðbeina fólki sem vegna fötlunar á erfitt með að gæta réttinda sinna sjálft. Þeir eiga að fylgjast með högum fatlaðra á sínu svæði og vera þeim innan handar.

Réttindagæslumennirnir starfa um allt land og upplýsingar um hvernig má nálgast þá verður hægt að finna á vef velferðarráðuneytisins. - þeb






Fylgi flokkanna hefur lítið breyst milli mánaða samkvæmt nýrri könnun Gallups:

# Gömlu flokkarnir enn ráðandi

**STJÓRNMÁL** Ekkert nýju framboðanna fjögurra myndi ná manni á þing ef kosið væri í dag. Þetta kemur fram í nýjum Þjóðarpúlsi frá Gallup, sem ríkisútvarpið skýrði frá í gær.

Fylgi ríkisstjórnarinnar eykst fjórða mánuðinn í röð. Um 34 prósent aðspurðra segjast styðja hana.

Samkvæmt könnuninni bæta Framsóknarflokkurinn og Vinstri grænt lítillega við sig fylgi, Samfylkingin stendur í stað en Sjálfstæðisflokkurinn dalar aðeins.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi 36 prósent atkvæða, sem er um einu prósenti minna en í síðasta mánuði. Samfylkingin fengi 21 prósent eins og í síðasta mánuði. Vinstri græn hafa bætt við sig rúmu prósentustigi og fengju nú rúmlega þrettán prósent en Framsókn bætir við sig einu og hálfu prósentustigi og fengi nú tæp fjórtán prósent.

Nýju framboðin fá samtals sextán prósenta fylgi, en hvert um sig eru þau öll með innan við fimm prósent og ná því ekki manni á þing. Björt framtíð mælist með fjögur og hálft prósent, Dögun með tæp fjögur prósent, Samstaða þrjú prósent og Hægri grænir einnig þrjú prósent.

Rúm 14 prósent taka ekki afstöðu eða neita að gefa hana upp og rúm 13 prósent segast annaðhvort ætla að skila auðu eða mæta ekki á kjörstað. - gb



## GENGIÐ 03.09.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,22 | 122,8 |
| Sterlingspund | 194,08 | 195,02 |
| Evra | 153,85 | 154,71 |
| Dönsk króna | 20,647 | 20,767 |
| Norsk króna | 21,094 | 21,218 |
| Sænsk króna | 18,25 | 18,356 |
| Japanskt jen | 1,5579 | 1,5671 |
| SDR | 186,07 | 187,17 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,7261

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formlegar friðarviðræður FARC-skæruliða og Kólumbíustjórnar að hefjast:

# Ræðast við fyrst í Noregi og síðar á Kúbu

**KÓLUMBÍA** Juan Manuel Santos, forseti Kólumbíu, tilkynnti í sjónvarpsávarpi í gær að formlegar friðarviðræður við FARC-skæruliðasamtökin væru að hefjast.

Santos hafði skýrt frá því í síðustu viku að bráðabirgðaviðræður hefðu verið í gangi síðustu mánuði. Hann sagði í gær að þær viðræður hefðu farið fram á Kúbu fyrir milligöngu bæði norskra og kúbverska stjórnvalda.

Formlegar viðræður munu hefjast snemma í næsta mánuði í Ósló í Noregi en síðan halda þær áfram á Kúbu. Fjölmiðlar í Kólumbíu hafa haldið því fram að fulltrúar frá Síle og Venesúela muni taka þátt í viðræðunum.

Skæruliðahreyfing FARC hefur áratugum saman verið í vopnaðri baráttu gegn stjórnvöldum, ásamt því að stunda mannrán og fíkniefnaviðskipti til að afla sér tekna, en staða samtakanna hefur veikst mjög síðustu árin.

Santos sagði að viðræðurnar myndu meðal annars snúast um bætur til fórnarlamba skæruliðanna og landsvæði sem skæruliðarnir hafa lagt undir sig. Einnig verði rætt um aðgerðir til að draga úr fátækt í Kólumbíu og endurbætur í landbúnaði.

Þetta er í fjórða sinn á þremur áratugum sem reynt er að semja um frið við FARC. Santos segir að líkurnar á árangri séu nú meiri en áður.

Santos hefur verið forseti Kólumbíu í tvö ár. Forveri hans í embætti, Alvaro Uribe, gagnrýndi hann fyrir að vera alltof viljugur til viðræðna við FARC.

Síðustu friðarviðræður stóðu yfir í þrjú ár en fóru út um þúfur árið 2002. **- gb**




**Á LEIÐ TIL KÚBU** Á vefsíðu FARC-hreyfingarinnar hafa birst myndir af félögum hennar að syngja lofsöngva um væntanlegar viðræður við stjórnina. NORDICPHOTOS/AFP

Útlendingastofnun bjartsýn:

## Auglýsir eftir lögfræðingum

**STJÓRNSÝSLA** **Útlendingastofnun auglýsti í gær stöður tveggja lögfræðinga lausar til umsóknar.**

**Innanríkisráðherra lagði til við ríkisstjórnina fyrr á árinu að stofnunin fengi 7,7 milljóna króna aukafjárveitingu til þess að ráða tvo lögfræðinga. Sú fjárveiting hefur dregist og segir Kristín Völundardóttir forstjóri að stöðurnar séu ekki auglýstar vegna þess að fjármagnið hafi ekki borist. Ekki sé von á því fyrr en með fjárlagafrumvarpi næsta árs.**

**Einn fjögurra núverandi lögfræðinga stofnunarinnar er að hætta störfum og „seinni staðan er bjartsýni," segir Kristín. - þeb**

### ÁRÉTTING

Vegna fréttar um netnotkun íslenskra ferðalanga í símum er rétt að árétta að ný reglugerð Evrópusambandsins um lækkun á reikiverði fyrir gagnaflutning, símtöl og SMS hefur ekki tekið gildi á Íslandi. Hins vegar hafa Síminn, Vodafone og Nova, en ekki önnur símafyrirtæki, aðlagað verðskrár sínar að nýju reglugerðinni.

### LEIÐRÉTT

Þorkell Helgason stærðfræðingur var rangfeðraður í blaðinu í fyrradag.

Ranglega var farið með nám og starfsferil Eddu Sifjar Pálsdóttur í blaðinu í gær. Hún er íþróttafréttakona á RÚV og hefur starfað þar síðan snemma árs 2011. Þá er hún nýbyrjuð í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku í Háskóla Íslands.

Í blaðinu í gær var ranglega farið með þann flokk sem sundkappinn Jón Margeir Sverrisson keppir í. Hann keppir í flokki þroskahamlaðra.

# Hundruð milljóna í akstursgjöld árlega

**Starfsmenn ríkisins hafa fengið greidda 1,6 milljarða króna fyrir að keyra á bílum sínum starfsins vegna síðan 2010. Fá 117 krónur fyrir hvern kílómetra. Fá tólf þúsund krónur fyrir ferð á Leifsstöð. Ekki hátt gjald, segir formaður FÍB.**

**STJÓRNSÝSLA** Ríkið hefur greitt rúmlega 1,6 milljarða króna í akstursgjald til starfsmanna sinna síðan árið 2010. Það ár voru um 655 milljónir greiddar út til meira en 5.000 ríkisstarfsmanna, en sú fjárhæð dróst saman árið eftir, þegar um 590 milljónir fóru í akstursgjald.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu skal greiða starfsmönnum fyrir ferðir á eigin bíl með akstursgjaldi, en að öðru leyti er stofnunum óheimilt að greiða starfsmanni fyrir akstur. Þá skýra áhrif tilmæla ríkisstjórnarinnar til forstöðumanna um uppsögn aksturssamninga að stórum hluta að upphæð akstursgjalds lækkaði milli áranna 2010 og 2011.

Síðan 1. júní síðastliðinn hefur akstursgjald miðast við 117 krónur á kílómetrann. Það var áður 111 krónur, en var hækkað miðað við vísitölu neysluverðs. Þetta þýðir til dæmis að einstaklingur sem keyrir fram og til baka til Akureyrar frá Reykjavík fær fyrir það tæpar níutíu þúsund krónur greiddar.

Keyri starfsmaður meira en tvö þúsund kílómetra á árinu, er akstursgjald umfram það skattlagt sem tekjur.

Sérstök ferðakostnaðarnefnd ákvarðar akstursgjaldið, sem er greitt til ríkisstarfsmanna vegna aksturs á eigin bifreiðum þegar þeir eru að sinna starfi sínu á vegum ríkisstofnana.

Runólfur Ólafsson, formaður Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), segir 117 krónur ekki hátt gjald, sér í lagi ef miðað sé við styttri vegalendir.

„Ef þú ert að keyra innanbæjar tvo til þrjá kílómetra í hverri ferð, er þetta lítið," segir hann. „Hins vegar ef þú ert alltaf á langkeyrslu, sem fer betur með bílinn og kostnaður við allt er lægri, þá er hægt að líta öðruvísi á þetta."

Samkvæmt töflu FÍB er árlegur rekstrarkostnaður nýrra bíla 55 krónur á kílómetrann upp í 117 krónur. Talan fer eftir eignarári, verðflokki og þyngd ökutækja.

**sunna@frettabladid.is**

### Fá 90 þúsund krónur fyrir ferð til Akureyrar og til baka

| Áfangastaður | Kílómetrar | Akstursgjald |
|---|---|---|
| Akureyri | 764 km | 89.388 kr. |
| Akranes | 98 km | 11.466 kr. |
| Selfoss | 114 km | 13.338 kr. |
| Egilsstaðir | 1.128 km | 131.976 kr. |
| Leifsstöð | 98 km | 11.466 kr. |
| Ísafjörður | 882 km | 103.194 kr. |
| Vík í Mýrdal | 372 km | 43.524 kr. |
| Þingvellir | 106 km | 12.753 kr. |
| Hringurinn | 1.380 km. | 161.460 kr. |



Brottfararstaður er Reykjavík. Gert er ráð fyrir ferð báðar leiðir. Upplýsingar um kílómetrafjölda eru frá Vegagerðinni.

**117** krónur fá starfsmenn ríkisins greiddar fyrir hvern ekinn kílómetra.

### Akstursgjald greitt til ríkisstarfsmanna




| Ár | Fjöldi einstaklinga | Akstursgjald kr/km |
|---|---|---|
| 2010 | 4.923 | 99 kr. |
| 2011 | 4.073 | 104 / 111 kr. |
| 2012 (jan-ágúst) | 3.055 | 117 kr. |
| **Alls** | **12.051** | |

Í töfluna vantar starfsmenn nokkurra stofnana sem notast við annað fjárhags- og mannauðskerfi. Það breytir þó ekki upphæðunum.



**VIVIANE REDING** Fer með dómsmál í framkvæmdastjórn ESB. NORDICPHOTOS/AFP

Reding leggur fram frumvarp:

## Vill kynjakvóta á fyrirtækin

**EVRÓPUMÁL** Viviane Reding, framkvæmdastjóri dómsmála hjá Evrópusambandinu, ætlar að ná fram breytingum í stjórnum evrópskra fyrirtækja.

Hún ætlar í næsta mánuði að leggja fram tillögu að lögum um að kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja verði jöfn. Lagðar verði sektir á þau fyrirtæki þar sem innan við fjörutíu prósent stjórnarmanna eru konur.

Meiningin er að þessar nýju reglur taki gildi árið 2020.

Í greinargerð með frumvarpsdrögunum segir að framfarir á þessu sviði hafi verið mjög hægar. Hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja hafi síðustu árin aðeins aukist um 0,6 prósent að meðaltali á ári. **- gb**

### LÖGREGLUMÁL

**Fór fram af hengju**

Ökumaður slasaðist alvarlega eftir að hann ók fjórhjóli fram af hengju og hafnaði ofan í malarnámu. Hann hafði ekið eftir slóða sem lá að námunni í nágrenni við Suðurstrandarveg þegar slysið varð. Hann var fluttur með sjúkrabifreið á Landspítala. Dráttarbíll var fenginn til að fjarlægja fjórhjólið.

Vilt þú fá meira út úr golfinu?

*Hentar þeim, sem vilja hámarka árangur sinn í golfi og komast í betra form!*

Þjálfun til að auka þol og styrk, ásamt sérhæfðum æfingum til að bæta golfsveifluna og koma í veg fyrir meiðsli.

**Í form fyrir golfið**

- Hefst 11. september - 4 vikur
- Þri og fim í hádeginu kl. 12:10-12:55
- Þjálfari: Árndís Hulda Óskarsdóttir
- Verð kr. 12.900 (eða 9.900 í áskrift, 3ja mánaða binditími)
- Frjáls aðgangur að tækjasal meðan á námskeiðinu stendur

Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is



HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**RIGNING** Í dag verður töluverð rigning, einkum vestan til en síst allra austast. Á morgun snýst vindur í NV-átt og þá léttir smám saman til S-lands. Á föstudaginn verður vindur fremur hægur og gæti orðið nokkuð bjart á SA- og A-landi.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 27° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 20° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 28° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 17° |
| París | 24° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# POTTURINN STEFNIR Í

# 1500 MILLJÓNIR



**130.000.000**
**+1.370.000.000**

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ **1.500.000.000**

Fyrsti vinningur stefnir í 130 milljónir og Ofurpotturinn í 1.370 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

**ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!**
MIÐINN GILDIR 5. SEPTEMBER 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **A.** | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| **B.** | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| **C.** | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| **D.** | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| **E.** | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| **F.** | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| **G.** | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| **H.** | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

FÍTON / SÍA

**KJÖRKASSINN**



*Hefurðu eldað makríl?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 13% |
| NEI | 87% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**
*Förstu til útlanda í sumar?*
Segðu skoðun þína á Vísir.is

Rannsóknir á Íbúðalánasjóði og sparisjóðunum umfangsmeiri en búist var við:

# Reyna að skila af sér á þessu ári

**STJÓRNSÝSLA** „Stefnan er að reyna að klára þetta á þessu ári," segir Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari og formaður rannsóknarnefndar sem Alþingi skipaði til að rannsaka fall sparisjóðakerfisins. Sigurður H. Stefánsson, formaður rannsóknarnefndar um starfsemi Íbúðalánasjóðs, gefur sama svar.

Báðar nefndirnar voru skipaðar fyrir ári, sú um sparisjóðina í ágústlok og um Íbúðalánasjóð í septemberbyrjun.

Íbúðalánasjóðsnefndin átti lögum samkvæmt að skila skýrslu sinni til Alþingis sex mánuðum eftir skipun, eða í byrjun mars, og sparisjóðanefndin átti að skila af sér 1. júní síðastliðinn.



**ALÞINGI** Vinnan við skýrslurnar hefur þegar tekið lengri tíma en ráð var fyrir gert. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Báðar nefndirnar báðu um frest „til haustsins" eins og það var orðað í fjölmiðlum á þeim tíma, þar sem verkefnið hefði reynst stærra í sniðum en við var búist. Nú er ljóst að skýrslunum verður ólíklega skilað fyrr en í fyrsta lagi undir lok árs.

„Skýrslutökurnar taka mjög langan tíma – við erum svolítið í þeim núna," segir Sigríður meðal annars um það hvers vegna vinnan hefur tafist jafnmikið og raun ber vitni.

Sigurður tekur undir það og segir að mikill fjöldi manna hafi komið í skýrslutöku hjá nefndinni. „Það er óhætt að segja að þetta hafi undið upp á sig." - sh

Litháar handteknir:

## Gröfu fimm kíló af glingri

**DANMÖRK** Átta Litháar hafa verið handteknir eftir að lögreglan á Vestur-Jótlandi í Danmörku fann fimm kíló af skartgripum úr gulli og tvö kíló af silfurskartgripum við sumarbústað. Hluti skartgripanna hafði verið grafinn í jörðu.

Lögreglan hafði fengið fjölda ábendinga um að hópur Litháa héldi til í sumarbústaðnum við Ulfborg. Í kjölfarið fóru lögreglumenn á staðinn þar sem þeir fundu þýfið og Litháana. Þeir hafa verið kærðir vegna gruns um innbrot víða á Jótlandi. - ibs

Fangaverðir í Danmörku:

## Fangelsin á valdi glæpagengjanna

**DANMÖRK** Félag fangavarða í Danmörku segir félaga í vélhjólagengjum og meðlimi annarra gengja stýra fangelsum og gæsluvarðhaldshúsum landsins. Um síðustu áramót sátu 357 þeirra inni.

Á fréttavef danska ríkisútvarpsins er haft eftir formanni Félags fangavarða að þeir taki ekki slaginn við fangana af ótta við afleiðingarnar. Fangarnir óttist um fjölskyldur sínar.

Greint var frá því í danska sjónvarpinu að fangar reyktu hass innan múranna. Fangaverðirnir treystu sér ekki til þess að sporna við reykingunum auk þess sem ekki væri hægt að leita á öllum gestum. - ibs

### Ósátt félög

Nokkur flokksfélög í Suðurkjördæmi, heimakjördæmi Ragnheiðar Elínar, hafa lýst óánægju sinni með breytinguna.

Fulltrúaráðið í Reykjanesbæ segir það ekki síst Ragnheiði Elínu að þakka að Suðurkjördæmi sé eitt helsta vígi Sjálfstæðisflokksins og ungir Sjálfstæðismenn í Suðurkjördæmi harma það sem þeir kalla „ótrúlega ákvörðun" þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Þá hefur félagið í Vestmannaeyjum lýst yfir vonbrigðum yfir ákvörðun Bjarna Benediktssonar.

Bjarni sagði við Ríkisútvarpið að Ragnheiður Elín hefði staðið sig með prýði, en ekki hefði átt að koma neinum á óvart að Illugi tæki aftur við formennskunni. Allir hefðu gengið sáttir að fundi, en ekki væri ólíklegt að einhverjar frekari breytingar séu í farvatninu hjá þingflokknum.

Ekki náðist í Bjarna við vinnslu fréttarinnar.

# Sjálfstæðiskonur sjá eftir Ragnheiði Elínu

**Illugi Gunnarsson tók við sem formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins í gær af Ragnheiði Elínu Árnadóttur. Hún segist hissa á breytingunni sem var að tillögu formanns flokksins. Formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna er**

**STJÓRNMÁL** „Já auðvitað kom þetta mér í opna skjöldu þegar formaðurinn orðaði þetta við mig í síðustu viku," segir Ragnheiður Elín Árnadóttir. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, lagði til á þingflokksfundi í gær að Illugi Gunnarsson tæki við af Ragnheiði sem formaður þingflokksins.

Ragnheiður segir að hún hafi óskað eftir að ekki yrði kosið á milli þeirra Illuga. „Þetta var ákvörðun formanns og ég taldi enga ástæðu til þess að stilla þingmönnum upp við vegg með því að kjósa á milli okkar. Ég held að það sé ekki gott fyrir þingflokkinn og ekki gott fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Ég legg meiri áherslu á samstöðu innan þingflokksins heldur en að fara út í slíkar kosningar."

Ragnheiður Elín sóttist eftir því að gegna embættinu áfram og segist hafa lagt mikið upp úr því, sem formaður þingflokks í tvö ár, að halda utan um hópinn. „Ég hef reynt að tryggja það að við vinnum vel saman og held að það hafi tekist mjög vel."

Hún segir þetta þó engan endapunkt, vegtyllur komi og fari í stjórnmálum. Hún muni einbeita sér að vinnunni fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Suðurkjördæmi og sækist eftir því að leiða listann á ný í næstu kosningum.

Jarþrúður Ásmundsdóttir, formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna, segir breytinguna ekki slá sig vel. Hún komi á óvart og án þess að nokkuð sé hallað á Illuga hafi Ragnheiður Elín staðið sig mjög vel í embættinu. Hún hefði viljað sjá hana áfram í því á kosningavetri.

„Það verður að segjast eins og er að áhrifastöðum innan flokksins er ekkert sérstaklega jafnt skipt á milli kynjanna. Við sjáum því að sjálfsögðu mikið á eftir konu úr þessari áhrifastöðu."



**AÐ STÖRFUM** Eftir breytinguna sitja aðeins karlmenn í stjórn þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Þingkonur skoða rannsóknarskýrsluna árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Illugi kominn aftur



Illugi gegndi formennsku í þingflokknum þegar hann tók sér leyfi frá þingstörfum, í apríl 2010, á meðan málefni Sjóðs 9 voru rannsökuð. Illugi sat í stjórn sjóðsins. Hann segist líta svo á að það mál sé að baki og hann sé kominn til starfa á ný að fullu.

„Þegar ég sneri til baka var það vegna þess að ég taldi að ég hefði fyrir því sterk og gild rök, og aðrir gætu lagt mat á það líka, að það væri rétt. Ég kom til baka í þeirri stöðu að vera tilbúinn til að taka öll þau verk að mér sem mér væri falið að vinna. Nú kemur þetta upp og ég er afskaplega þakklátur fyrir þann stuðning sem ég hef fengið frá þingflokknum til að vinna þetta verkefni."

Ragnheiður Elín segist ekki vilja horfa á breytinguna út frá kynjapólitík. „Mér finnst þó að vera mín þarna hafi vissulega breikkað forystuna, bæði það að ég er kona og að ég er oddviti flokksins í stóru landsbyggðarkjördæmi. Ég tel að það hafi styrkt forystu flokksins."

Eftir breytinguna sitja aðeins karlar í stjórn þingflokksins. Illugi, varaformaðurinn Einar K. Guðfinnsson og ritarinn Birgir Ármannsson. kolbeinn@frettabladid.is







Allt bendir til að knattspyrnuþjálfari hafi greint rangt frá meintri árás:

# Ekkert sem bendir til árásar á barn

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglu á meintri líkamsárás gegn sex ára dreng í Breiðholti á föstudag hefur engan árangur borið. Samkvæmt upplýsingum frá Gylfa Sigurðssyni, aðalvarðstjóra hjá lögreglunni í Kópavogi, bendir allt til þess að atvikið hafi ekki átt sér stað.

Þórarinn Engilbertsson knattspyrnuþjálfari sagði í samtali við Fréttablaðið á sunnudag að hann hefði orðið vitni að, og stoppað, grófa líkamsárás á fótboltavelli í Bökkunum í Breiðholti á föstudag, þar sem fjórir tólf til þrettán ára drengir hefðu handleggs- og kinnbeinsbrotið sex ára dreng vegna bolta. Þórarinn sagðist þá hafa verið í töluverðu sambandi við foreldra litla drengsins, sem „ætluðu að leysa málið innbyrðis, án aðkomu lögreglu". Hann sagði skólayfirvöld og alla sem hlut áttu að málinu, vita hverja um ræddi.



**BAKKAHVERFIÐ Í BREIÐHOLTI** Lögreglan segir allt benda til þess að maður hafi borið ljúgvitni um líkamsárásarmál í Bökkunum á föstudag.

Þórarinn dró úr vitnisburði sínum í samtölum við fjölmiðla á mánudeginum. Þá sagði hann barnið hafa tognað og hlotið heiftarlegar blóðnasir, en ekki beinbrotnað. Hann var kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu, þar sem hann sagðist ekki getað gefið neinar upplýsingar um foreldra drengsins eða annarra sem hlut áttu að máli.

Lögreglan hefur haft samband við sjúkrahús, leik- og grunnskóla á svæðinu, en enginn kannast við umrætt atvik. Allar þær upplýsingar sem Fréttablaðið hefur greint frá um áverka sem barnið á að hafa hlotið, koma frá Þórarni.

„Ég viðurkenni að hafa ýkt um meiðslin, en restina stend ég við," segir Þórarinn. Hann segir starfsferil sinn settan að veði ef hann segist hafa verið að segja fjölmiðlum og lögreglu ósatt.

Fréttablaðið harmar að hafa fallið í þá gryfju að treysta orðum ósannsöguls heimildarmanns. - sv

# Fáðu þér einn bleikan hjá Nova og vertu á allra vörum!

Á allra vörum

Fáðu gloss með bleikum snjallsímum hjá Nova!




**Samsung Galaxy Y**

**24.990 kr.** stgr.

**2.290 kr.** á mán. í 12 mán.

500 kr. notkun á mán. í 6 mán. og gloss (Á allra vörum) fylgir þessum snjallsíma.

**Nokia Lumia 610**

**46.990 kr.** stgr.

**2.890 kr.** á mán. í 18 mán.

500 kr. notkun á mán. í 6 mán. og gloss (Á allra vörum) fylgir þessum snjallsíma.

**Samsung SII**

**79.990 kr.** stgr.

**4.990 kr.** á mán. í 18 mán.

500 kr. notkun á mán. í 12 mán. og gloss (Á allra vörum) fylgir þessum snjallsíma.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.






Sala á Lego-kubbum jókst um 24 prósent:

# Græða á umdeildu dóti

**DANMÖRK** Hagnaður danska leikfangaframleiðandans Lego jókst um 35 prósent á fyrri helmingi þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra.

Hagnaðurinn var tveir milljarðar danskra króna, eða rúmlega fjörutíu milljarðar íslenskra króna. Sala á vörum Lego jókst um 24 prósent á tímabilinu.

Velgengnin er að mestu leyti þökkuð nýrri og umdeildri vörulínu, Lego Friends. Lego Friends er sérstaklega beint að stúlkum og hefur fyrirtækið verið harðlega gagnrýnt fyrir að ýta undir staðalímyndir kynja með línunni. **- þeb**



**LEGO** Kubbarnir virðast enn njóta mikilla vinsælda þótt sumir þeirra séu umdeildir.



**SKULDAR** Heilbrigðisstofnun Austurlands er 113 milljónir í mínus.

# Neyðarúrræði að sækja um yfirdráttarlán

**Ríkisendurskoðun gagnrýnir Heilbrigðisstofnun Austurlands fyrir viðvarandi hallarekstur og að fjármagna sig með yfirdráttarlánum. Starfandi forstjóri kallar eftir hjálp við að greiða niður skuldirnar.**

**STJÓRNSÝSLA** Vinna þarf á uppsöfnuðum halla Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) og velferðarráðuneytinu ber að sjá til þess að stofnunin fjármagni ekki rekstur sinn með yfirdráttarlánum enda er slíkt ekki heimilt. Þetta kemur fram í skýrslu sem Ríkisendurskoðun sendi frá sér um HSA í gær.

Fram kemur í skýrslunni að uppsafnaður halli HSA sé 113 milljónir króna og skammtímaskuldir 163 milljónir, þar af sé yfirdráttur á bankareikningum 82 milljónir króna.

„Við sjáum verulega eftir þeim fjármunum sem fara í vaxtagjöld," segir Þórhallur Harðarson, starfandi forstjóri HSA, sem útskýrir að það hafi hins vegar reynst nauðsynlegt að taka yfirdráttarlán til að halda rekstrinum gangandi, borga reikninga og tryggja aðföng, þegar í ljós kom að fjárframlög ríkisins hefðu ekki nema rétt dugað fyrir launum. „Í þvinguðum leik þá var það neyðarúrræði hjá okkur að sækja um yfirdrátt," segir hann.

Þórhallur segir árið í fyrra hafa verið mjög erfitt og mestur hallinn á rekstrinum sé til kominn á því ári. Margir samverkandi þættir hafi gert það að verkum að reksturinn hafi farið fram úr fjárheimildum. Hann nefnir til dæmis nýja kjarasamninga, sem hafi verið bættir mjög seint á árinu og að þeirra mati ekki að fullu, verr hafi gengið að draga saman starfsemina en vonast var til og ofan í það hafi komið til ófyrirséður kostnaður.

Þá bendir Þórhallur enn fremur á að til hafi staðið að velferðarráðuneytið hefði milligöngu um það að fjármálaráðuneytið hjálpaði HSA út úr lausafjárvandræðunum svo að stofnunin gæti greitt niður skuldir sínar. „En það hefur enn ekki gengið eftir," segir hann.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að þær ellefu heilbrigðisstofnanir sem skoðaðar voru hafi lítið sem ekkert fjárhagslegt svigrúm til að bregðast við óvæntum atburðum. Einungis fimm þeirra hafi verið með jákvæðan höfuðstól um áramót – í öllum tilfellum óverulegan. Þá hafi fjórar af stofnununum ellefu þurft að grípa til þess ráðs að taka yfirdráttarlán í banka til að standa straum af rekstri sínum.

Ríkisendurskoðun beinir ábendingum til velferðarráðherra í skýrslu sinni og hvetur hann til að efla eftirlit með framkvæmd fjárlaga og tryggja að stofnanir fjármagni sig ekki með yfirdrætti. Ekki náðist í Guðbjart Hannesson velferðarráðherra vegna málsins í gær.



**RÍKISENDURSKOÐANDI** Sveinn Arason telur að velferðarráðuneytið þurfi að herða tökin á undirstofnunum sínum.

stigur@frettabladid.is

# SÍÐUSTU DAGAR SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**30-50% AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM**

Rúm Gott
**Heilsurúm á tilboði**

**VERÐDÆMI:**
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: **70.224**
Tvíbreitt: **129.336**

## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



Rúm Gott
**30-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNS-RÚMUM**

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Evrópuskóli 15 - 16 september

Hefurðu áhuga á Evrópumálum en langar að vita meira? Ertu Evrópusinni? Langar þig til að hafa áhrif á starfið, kynnast fólki og láta til þín taka?

Ef svo er, þá gæti Evrópuskóli Ungra Evrópusinna verið eitthvað fyrir þig! Stefnan er tekin á Laugarvatn helgina 15. og 16. september næstkomandi. Haldið verður úr bænum árla laugardags og komið heim síðdegis á sunnudegi. Rúta mun flytja mannskapinn á Farfuglaheimilið að Laugarvatni þar sem skólinn mun fara fram.

Á dagskrá er meðal annars:

Erindi frá færum fyrirlesurum á sviði Evrópumála - Málefnavinna - Ræðuþjálfun - Umræða um stöðu aðildarviðræðna - Almenn fræðsla um Evrópumál - Baðferð í Laugarvatn Fontana, að ógleymdri Evrópugleði á laugardagskvöldinu með þéttri skemmtidagskrá!

Skólagjald er aðeins 1.500 kr. Innifalið í því er gisting að Laugarvatni, rútuferðir báðar leiðir, fyrirlestrar í hæsta gæðaflokki, kvöldskemmtun og allar máltíðir á meðan námskeiðinu stendur!

Skólinn er opinn öllum áhugasömum Evrópusinnum á aldrinum 18-35 ára sem langar að vita meira um Evrópumál. Við vekjum athygli á því að um takmarkað framboð skólasæta er að ræða. Þá hvetjum við þau sem eru ókunnug starfinu sérstaklega til að taka þátt. Við tökum fram að Ungir Evrópusinnar eru þverpólitísk hreyfing sem tengist ekki neinum stjórnmálaflokkum.

Skráning fer fram í netfangið ungirevropusinnar@ungirevropusinnar.is. Skráningarfrestur stendur til 5. september nk. Í umsókn þarf að koma fram nafn, kennitala, símanúmer. Jafnframt eru umsækjendur beðnir um að greina frá í örstuttu máli hvers vegna þau hafa áhuga á að sækja námskeiðið!

Ekki hika við að senda okkur fyrirspurnir á Facebook síðuna okkar ef þið hafið einhverjar spurningar, eða í netfangið ungirevropusinnar@ungirevropusinnar.is. Þá má líka hringja á skrifstofu Já Ísland í síma 517-8874.

Ungir Evrópusinnar

Boltinn á Xinu 977
– alla virka daga kl. 11 - 12
X 97.7

# Bjargað eftir fjóra tíma í miðri jökulá

**Fimm hestamenn horfðu á eftir félaga sínum hverfa niður Jökulsá í Lóni og biðu síðan björgunar á eyri í á fjórðu klukkustund. Þyrla Landhelgisgæslunnar ætlaði frá að hverfa en áhöfnin gerði lokatilraun til lendingar sem heppnaðist.**

**BJÖRGUN** Fimm hestamönnum var bjargað af eyri í miðri Jökulsá í Lóni í fyrrakvöld við vondar aðstæður. Þeir höfðu fyrr um kvöldið horft á eftir félaga sínum niður ána eftir að hesti hans skrikaði fótur í grjótinu í ánni. Maðurinn fannst látinn undir miðnætti.

„Þetta var tæpt, en það hafðist,“ segir Henning Aðalmundarson, sem var í áhöfn TF-LÍF, þyrlu Landhelgisgæslunnar, sem kom mönnunum fimm til aðstoðar. „Þeir voru mjög fegnir björguninni.“

„Það voru skítaaðstæður og mjög þröngt þarna niðri. Við vorum búnir að fara nokkra hringi og reyna að komast að þeim en þurftum alltaf frá að hverfa. Svo vorum við eiginlega hættir við en ákváðum að reyna einu sinni enn af því að okkur fannst alveg skelfilegt að þurfa að skilja mennina eftir þarna,“ segir Henning.

Fimmmenningarnir höfðu þá hírst á eyrinni í vel á fjórðu klukkustund og voru sumir orðnir mjög kaldir og hraktir. Ómögulegt er að segja til um hvernig þeim hefði reitt af ef ekki hefði tekist að lenda þyrlunni á eyrinni á tólfta tímanum.

Henning segir að þangað til lendingin heppnaðist hafi þeir eingöngu notað nætursjónauka. „Karlarnir á eyrinni vissu eflaust ekkert hvað við vorum að gera eða hvort við værum yfirleitt búnir að finna þá.“

Þess vegna hafi mennirnir kveikt á neyðarblysi. „Það gerði illt verra því að það blindaði allt um borð hjá okkur. Þetta hefði getað verið alveg fatalt ef við hefðum verið í lendingu en slapp. Það bjargaði öllu að við vorum í sambandi við björgunarsveitarbíl uppi á Illakambi sem sagði okkur til,“ bætir Henning við og segir aðstoðina frá Björgunarfélagi Hornafjarðar hafa verið ómetanlega.

Þegar á eyrina var komið létti áhöfnin á þyrlunni með því að skilja alls konar búnað eftir til að koma mönnunum fimm fyrir. „Annars var hætta á að þyrlan færi ekki á loft,“ segir Henning.

Að björgunaraðgerð lokinni var tekið til við að leita að manninum sem áin tók. Hann fannst undir miðnætti og var látinn. Maðurinn er á fimmtugsaldri en ekki er unnt að greina frá nafni hans að svo stöddu.

Talið er að hestarnir séu allir heilir en þeir verða sóttir á næstu dögum. **stigur@frettabladid.is**




**TF-LÍF** Þyrlan lenti með hinn látna á Höfn í Hornafirði skömmu eftir miðnætti. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM







VARA SEM
Á HEIMA
Í ÞÍNU ELDHÚSI

HEIMA

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus


RAFVÖRU MARKAÐURINN
ÚTILJÓSAÚRVAL
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
4.995 4.995
4.995 4.995
4.995 4.995
4.995 4.995
4.995 4.995
LJÓS ÁN RÖRS
4.595 4.595
3.995
5.495
3.895
4.595
5.495
4.595 4.595
5.995 5.495
5.995
6.495
5.995
4.995
5.995
3.595 3.595
5.995 4.995
LED LJÓS
4.595 5.995 7.995
4.595 3.995 5.495
4.995 4.995 6.495
GALVANISERAÐ
7.995 12.995
5.995 7.995
6.495 6.495
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

Hágæða útiljós frá Svíþjóð

Kynningarverð í september




Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

KONST SMIDE


Vínveitingar á skólaböllum danskra framhaldsskólanema:

# Barinn opinn öllum nemendum

**DANMÖRK** Læknafélag Danmerkur vill að unglingum undir lögaldri verði meinað að kaupa áfengi á barnum á skólaböllum. Samkvæmt könnun danska blaðsins Politiken leyfa sjö af hverjum tíu menntastofnunum fyrir unglinga á framhaldsskólaaldri öllum nemendunum að kaupa áfengi á skólaskemmtunum.

Bæði danska læknafélagið og heilbrigðisyfirvöld eru fylgjandi því að sömu reglur gildi á þessum skemmtunum og annars staðar í samfélaginu þannig að yngri en 18 ára fái ekki afgreiðslu á barnum.

Menntastofnanirnar líta hins vegar svo á að um einkasamkvæmi sé að ræða og þess vegna gildi ekki sömu reglur um þau. Sé skólaballið hins vegar opið fleirum en nemendum skólans þarf leyfi lögregluyfirvalda fyrir afgreiðslu vínveitinga.

Á vefsíðu danska ríkisútvarpsins kveðst nemandi hafa séð brotnar vodkaflöskur og tómar bjórdósir á skólalóðinni þegar hann kom í skólann. „Við stöndum fyrir utan og drekkum áður en við förum inn," segir hann meðal annars. Nemandinn segir að það sé alveg hægt að skemmta sér án áfengis. Hann og hans félagar myndu hins vegar fara í bæinn fengju þeir ekki að drekka á skólaskemmtunum.

- ibs



**BJÓR** Danska læknafélagið vill takmarka vínveitingar á skólaböllum.




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar




**SIGRID GISKEGJERDE SCHJETNE** Hennar hefur verið ákaft leitað eftir að hún hvarf í Ósló fyrir mánuði. MYND/NORSKA LÖGREGLAN

# Fannst látin í skógarlundi

**Tveir menn eru grunaðir um morðið á Sigrid Schjetne. Báðir hafa þeir neitað sök en annar þeirra hefur áður hlotið dóm fyrir gróf ofbeldisbrot.**

**NOREGUR** Lögreglan í Noregi staðfesti í gær að lík, sem fannst á mánudagskvöld í bænum Kolbotn, væri af Sigrid Giskegjerde Schjetne, sextán ára stúlku sem leitað hefur verið að í mánuð.

Tveir menn hafa verið handteknir. Annar þeirra er 64 ára og hefur ekki áður komið við sögu hjá lögreglunni. Hinn er 37 ára og hefur áður verið dæmdur fyrir gróf ofbeldisbrot gegn konu sem hann réðst á með járnstöng að vopni. Hann hafði einnig fengið á sig nálgunarbann gagnvart lögreglumanni og fjölskyldu hans.

Báðir neituðu þeir sök í málinu en voru yfirheyrðir fram á kvöld. Þeir eru sagðir góðir vinir.

Schjetne hafði ekki sést síðan hún hugðist ganga heim til sín frá vinkonu sinni um miðnætti laugardagskvöldið 4. ágúst. Það átti ekki að vera nema hálftíma gangur heim til hennar.

Hún hafði farið með félögum sínum á fótboltaleik fyrr um kvöldið, en það síðasta sem spurðist til hennar var þegar SMS-skilaboð bárust úr síma hennar til vinkonunnar þegar klukkan var fimmtán mínútur gengin í eitt.

Um það bil klukkustund síðar fundu tveir drengir símann hennar, einn skó og sokka á leikskólalóð skammt frá heimili hennar.

Líkið af henni fannst í skóglendi við bæinn Kolbotn í Noregi í um það bil 17 kílómetra fjarlægð frá staðnum þar sem hún hvarf mánuði fyrr. Hinir grunuðu voru handteknir í iðnaðarhverfi skammt frá þeim stað þar sem líkið fannst. Eldri maðurinn rekur bílaverkstæði þar. Lögreglan leitaði í gær bæði á verkstæðinu og á heimili hans.

Lögreglan vildi ekki upplýsa strax um dánarorsök stúlkunnar né heldur hve lengið líkið af henni hefði legið þar sem það fannst í fyrrinótt.

> Þess vegna getum við ekkert sagt um dánarorsökina, hve lengi hún hefur verið látin eða hvaða meiðsli hún er með.
>
> **HANNE KRISTIN ROHDE**
> HJÁ NORSKU LÖGREGLUNNI

„Við getum ekki farið út í smáatriði krufningarskýrslunnar, og þess vegna getum við ekkert sagt um dánarorsökina, hve lengi hún hefur verið látin eða hvaða meiðsli hún er með," sagði Hanne Kristin Rohde hjá norsku rannsóknarlögreglunni á blaðamannafundi sem efnt var til í gær.

Samkvæmt heimildum norska ríkisútvarpsins telur lögreglan að annar mannanna hafi þekkt til stúlkunnaar.

Lögreglan segir rannsókn málsins á viðkvæmu stigi en búast megi við frekari upplýsingum næstu daga eftir því sem rannsókninni vindur fram.

Hvarf hennar vakti mikla athygli í Noregi og hafa fjölmiðlar þar fylgst grannt með þróun málsins. Harmleikur fjölskyldunnar þótti meiri vegna þess að átján ára náfrændi hennar, Fredrik Lund Schjetne, var meðal þeirra ungmenna sem Anders Behring Breivik myrti í Útey í júlí á síðasta ári.

Á vefsíðu norska ríkisútvarpsins er haft eftir Harald Stabell, lögmanni foreldra stúlkunnar, að óvissan hafi verið þeim erfið.

Auk fjölmenns lögregluliðs hafa hundruð sjálfboðaliða tekið þátt í leitinni að Sigrid á hverjum einasta degi síðustu vikurnar.

gudsteinn@frettabladid.is


Allar nánari upplýsingar á www.vita.is/golflif




ISLANTILLA Á SPÁNI Helgarferð: 5.–8. okt. ★★★★

3 nætur og 4 golfdagar
(hægt að spila frá kl. 17:00 á komudegi)
NÝTT!
Verð frá 99.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar
á mann í tvíbýli á Islantilla 5.–8. okt. (*fullt verð 109.900 kr.)
HÁLFT FÆÐI OG ÓTAKMARKAÐ GOLF MEÐ GOLFBÍL INNIFALIÐ



VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP
VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is
vita VITA er lífið




SJÓNVARPSSTÖÐIN ID: INVESTIGATION DISCOVERY ER EINGÖNGU Í BOÐI Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS




siminn.is

Síminn

**13.374 MILLJARÐAR KRÓNA** er virði allra erlendra skulda þjóðarbúsins. Séu erlendar skuldir innlánsstofnana í slitameðferð dregnar frá nemur upphæðin 3.508 milljörðum.

# Hlutur Landsbankastarfsmanna orðinn 1,5 prósent

**Hluturinn sem mun mynda stofn kaupakerfis starfsmanna Landsbankans er orðinn 3,2 milljarðar. Hann gæti orðið 4,2 milljarða virði. Bréf, sem ræður stærð hlutarins, hefur hækkað um níu milljarða í ár.**

**VIÐSKIPTI** Sá hlutur í Landsbankanum sem mun fara í að mynda stofn að nýju kaupaukakerfi bankans var 1,5 prósent af öllu hlutafé hans um mitt þetta ár. Miðað við innra virði bankans er virði hlutarins um 3,2 milljarðar króna. Virði skilyrts skuldabréfs, sem ákvarðar hversu stóran hlut starfsmennirnir munu eignast í bankanum, jókst um níu milljarða króna á fyrri hluta þessa árs. Þetta kemur fram í hálfsársuppgjöri Landsbankans sem birt var á fimmtudag.

Í lok árs 2009 var greint frá með hvaða hætti uppgjör nýja Landsbankans og þrotabús forvera hans vegna eigna sem færðar voru yfir til þess nýja myndi verða. Í því fólst að íslenska ríkið eignaðist 81,33 prósenta hlut í nýja bankanum gegn 122 milljarða króna eiginfjárframlagi. Það sem eftir stóð, 18,67 prósenta hlutur, var í eigu þrotabús gamla bankans.

Samhliða var gefið út skilyrt skuldabréf sem gera á upp í árslok 2012. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum mun virði þess, sem getur mest verið 92 milljarðar króna, ákvarðast af frammistöðu ákveðinna eigna sem færðar voru inn í nýja bankann. Um er að ræða tvö söfn, annars vegar lán til stærri fyrirtækja og hins vegar lán til smærri fyrirtækja. Í þessum lánasöfnum eru að mestu lán sem keypt voru á lágu verði úr þrotabúinu og voru því talin léleg. Ef virðisaukning á sér stað á lánasöfnunum renna 85 prósent hennar til þrotabús gamla bankans en fimmtán prósent til nýja bankans.

Ef virði skuldabréfsins verður 92 milljarðar króna í lok þessa árs mun þrotabú gamla bankans afsala sér 18,67 prósenta eignarhlut sínum. Þar af mun 16,67 prósenta hlutur renna til Bankasýslu ríkisins, sem mun þá halda á 98 prósenta eignarhlut, en tvö prósent munu fara í að mynda stofn fyrir kaupaukakerfi starfsmanna nýja Landsbankans. Ef sá árangur næðist ekki þá myndi hluturinn sem Bankasýslan og starfsmenn Landsbankans eiga að fá rýrna í beinu hlutfalli við lokavirði skuldabréfsins.

Virði skuldabréfsins um mitt þetta ár var 69 milljarðar króna. Það hefur aukist um níu milljarða á þessu ári og um 42,5 milljarða króna frá því í árslok 2010. Miðað við stöðu þess í dag myndu starfsmenn Landsbankans fá 1,5 prósenta hlut í bankanum. Miðað við eigið fé Landsbankans, sem er 212 milljarðar króna og jókst um milljarða króna á fyrri hluta ársins, er innra virði þess hlutar 3,2 milljarðar króna. Ef virði skuldabréfsins nær 92 milljörðum króna myndi tveggja prósenta hlutur starfsmanna verða rúmlega 4,2 milljarða króna virði.

thordur@frettabladid.is



**KAUPAUKAKERFI** Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, sést hér með Steingrími J. Sigfússyni, sem var fjármálaráðherra þegar gengið var frá viðskilnaði gamla og nýja bankans. Hugmyndin um kaupaukakerfið er sögð hafa komið frá kröfuhöfum gamla bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**4,2** Hlutur starfsmanna Landsbankans gæti orðið 4,2 milljarða króna virði.

## Færi á að greiða arð á næstunni

Landsbankinn hefur ekki mátt greiða út arð eftir að hann var stofnaður, frekar en hinir bankarnir. Þar sem hagnaður bankans hefur verið mikill þá er eiginfjárstaða hans orðin afar góð. Samtals nemur eigið fé bankans 212 milljörðum króna og eiginfjárhlutfallið er 23,3 prósent, sem er langt yfir því 16 prósenta lágmarki sem Fjármálaeftirlitið setur. Því er geta Landsbankans til að greiða eigendum sínum arð afar mikil.

Í uppgjörstilkynningu Landsbankans segir enda að „Lausafjárstaða bankans bæði í íslenskum krónum og erlendri mynt er áfram mjög sterk og gefur eigendum færi á að greiða sér arð á næstu árum“ og að „eiginfjárhlutfallið, CAD, er sömuleiðis mjög hátt og gefur eigendum færi á að greiða sér arð af rekstri bankans á næstunni“.



Stjórnendaskipti hjá Fíton:

## Pétur nýr framkvæmdastjóri

**VIÐSKIPTI** Pétur Pétursson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Fíton. Pétur tekur við starfinu af Þormóði Jónssyni sem verður þess í stað starfandi stjórnarformaður.



PÉTUR PÉTURSSON

Pétur hefur starfað sem framkvæmdastjóri tekjusviðs og söluog þjónustusviðs 365 síðustu fimm ár. Þar áður starfaði hann meðal annars sem framkvæmdastjóri vátrygginga- og fjármálaþjónustu TM.

Fíton er til húsa í Kaaberhúsinu við Sæbraut en í sama húsi starfa fjögur sérhæfð markaðsfyrirtæki; Miðstræti, Auglýsingamiðlun, Skapalón og Kansas. Fyrirtækin fimm eiga í nánu samstarfi sín á milli en samanlagt starfa 70 manns hjá fyrirtækjunum. - mþl

Höfða dómsmál til ógildingar:

## Ríkiskaup una ekki úrskurði

**DÓMSMÁL Ríkiskaup hafa ákveðið að una ekki úrskurði kærunefndar útboðsmála þess efnis að stofnunin hafi brotið gegn lögum um opinber innkaup og sé skaðabótaskyld gagnvart Iceland Express. Hyggst stofnunin höfða dómsmál til ógildingar úrskurðinum.**

**Málavextir eru þeir að í mars 2011 auglýsti Ríkiskaup útboð um flugsæti fyrir opinbera starfsmenn. Tilboð bárust frá Icelandair og Iceland Express og var þeim báðum tekið þrátt fyrir að tilboð Iceland Express hefði verið hagkvæmara samkvæmt fyrir fram skilgreindu stigakerfi. Iceland Express kærði ákvörðunina og úrskurðaði kærunefnd útboðsmála félaginu í hag.** - mþl

**HÚSNÆÐISMARKAÐUR**

### Rólegt í ágústlok

Alls 91 kaupsamningi var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikuna 24. til 30. ágúst. Heildarvelta á húsnæðismarkaði var 2.636 milljónir króna sem er nokkru minna en síðustu vikur. Vikuleg meðalvelta það sem af er árinu er 2.916 milljónir.

Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:
Hagnýtt bókhald
Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald.
Bókhald er kennt frá grunni ásamt öllum lykilreglum sem skipta máli við bókhald. Raunhæf verkefni og alvöru bókhaldsgögn notuð við kennsluna. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Meira en 580 bókarar hafa lært hjá okkur.
Dagnámskeið hefst 17. september (9:00-12:00)
Kvöldnámskeið hefst 27. september (18:30-21:30) Verð aðeins 109.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar
Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is
TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.500 hafa sótt námskeið frá 1986
Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is

Hagfræðistofnun telur lágan virðisaukaskatt á gistingu jafngilda opinberum styrk:

## Skattahækkun fækkar gistinóttum

**SKATTAMÁL** Hækkun virðisaukaskatts á gistingu úr 7% í 25,5% gæti valdið því að árlegum gistinóttum hér á landi fækki um 1,7 til 5,5% miðað við það sem ella hefði verið. Þá myndi slík hækkun skila ríkissjóði 3,2 til 3,4 milljörðum króna. Þetta er niðurstaða Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Í ágúst kvisaðist út að innan fjármálaráðuneytisins væri til skoðunar að hækka virðisaukaskatt á gistingu úr 7% í hið almenna skattþrep, 25,5%, um mitt ár 2013. Í sama mánuði fól ráðuneytið Hagfræðistofnun að vinna greinargerð um áhrif fyrirhugaðrar skattahækkunar á komur ferðamanna og ríkissjóð.

Í skýrslunni kemur fram að gera megi ráð fyrir að ráðgerð hækkun skili ríkissjóði 3,2 til 3,4 milljörðum króna í viðbótarskatttekjur. Þar af er áætlað að skatttekjur vegna útlendinga sem gista á íslenskum gististöðum aukist um 2,4 til 2,6 milljarða.

Á móti telur Hagfræðistofnun að erlendum ferðamönnum sem hingað koma gæti fækkað um 3.400 til 23.400 á ári frá því sem ella myndi verða af skattahækkuninni. Þá gæti árlegum gistinóttum hér á landi fækkað um 1,7% til 5,5%. Þar sem ferðamönnum hefur til lengri tíma fjölgað um 7,7% á ári er þó viðbúið að gistinóttum fjölgi áfram á næstu árum þrátt fyrir mögulega skattahækkun.

Loks kemur fram í skýrslunni að líta megi á þá tilhögun að virðisaukaskattur sé lægri á gistingu en almennt tíðkast sem styrk til atvinnugreinarinnar. Mishár skattur á atvinnugreinar mismuni fyrirtækjum og leiði jafnan til þess að hagkerfið nýti ekki framleiðsluþætti sína á hagkvæmasta hátt. - mþl



**FERÐAMENN** Erlendum ferðamönnum sem hingað koma gæti fækkað um 3.400 til 23.400 verði virðisaukaskattur á gistingu hækkaður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# NÝJAR SLÓÐIR

## FRAMANDI VESTNORRÆN MENNINGARHELGI

REYKJAVÍK

**7.–9. SEPTEMBER 2012**







**Bíó Paradís í kvöld kl. 20.00:** Ivalo Frank sýnir og segir frá heimildarmyndum sínum um Grænland.

**Bíó Paradís fimmtudaginn 6. september kl. 20.00:**
Rammatík sýna og segja frá verkum sínum um Færeyjar.

**Vestnorræn tónleikaveisla í flugskýli Flugfélags Íslands laugardaginn 8. september kl 18.00:**
Orka, Nanook, Prins Póló og Guðríð Hansdóttir.

**Aðgangur ókeypis. Veitingar í boði.**

**Gámarnir opna víðsvegar um borgina, laugardaginn 8. september, kl. 12.00. Kíktu inn!**

Taktu þátt í skemmtilegum ratleik með flottum vinningum frá Flugfélagi Íslands, 66°Norður og DILL.

Dagskrárbækling hátíðarinnar er hægt að nálgast í ráðhúsi Reykjavíkur, í Norræna húsinu og í flugstöð Flugfélags Íslands.

Skoðaðu alla dagskrána á:
**www.facebook.com/NyjarSlodir**

NORRÆNA HÚSIÐ

**Norræna húsið** Sturlugata 5 101 Reykjavík S: 5517030 www.norraenahusid.is facebook.com/norraenahusid

www.baddydesign.com

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fer heimurinn ekki bara heldur skánandi?

## Ágætir unglingar

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Miklu lengur en elztu menn muna hefur hver kynslóð hneykslazt á þeirri næstu á eftir, gjarnan undir slagorðinu vinsæla „heimur versnandi fer". Þeim eldri finnst siðgæði, vinnusemi og mannkostum gjarnan fara hnignandi hjá kynslóð afkomendanna.

Nú eru tuttugu ár liðin frá því að kerfisbundnar rannsóknir hófust á högum ungs fólks á Íslandi, í efri bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum. Undanfarin ár hefur rannsóknafyrirtækið Rannsóknir og greining, í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og Háskólann í Reykjavík, annazt þessar rannsóknir. Niðurstöðurnar hafa veitt miklar og ýtarlegar upplýsingar um hagi íslenzkra unglinga, sem fræðimenn og stjórnvöld hjá ríki og sveitarfélögum hafa nýtt til að leitast við að taka á vandamálum og bæta aðbúnað og þjónustu við þennan aldurshóp.

Í vikunni kom út nýjasta rannsóknin, byggð á spurningakönnun meðal krakka í þremur efstu bekkjum grunnskóla um allt land, með samanburði við niðurstöður fyrri ára. Niðurstöðurnar benda eindregið til þess að tuðið í eldri kynslóðum um versnandi heim eigi við fá rök að styðjast.

Unglingarnir okkar fara þannig síður í partí en jafnaldrar þeirra fyrir tuttugu árum gerðu, reykja og drekka miklu minna og neyta síður kannabisefna, þótt neyzla síðastnefndu efnanna hafi staðið í stað síðustu árin. Þessi börn eru miklu duglegri að stunda íþróttir en foreldrar þeirra, borða miklu meira af grænmeti og ávöxtum en minna sælgæti og líður upp til hópa vel bæði andlega og líkamlega.

Þeim hefur fækkað sem leiðist í skólanum eða telja námið tilgangslaust, færri vinna með skólanum en engu að síður telja langflestir efnahag fjölskyldunnar í lagi. Bóklestur hefur aukizt, en lestur blaða og tímarita reyndar dregizt verulega saman. Á því kann að vera sú skýring að þessi aldurshópur sækir sér fréttir miklu frekar á netið en í pappírsblöð, en vekur samt þá sem vinna við að búa til blöð óneitanlega til umhugsunar um hvernig fréttum og fróðleik verði bezt komið á framfæri við þennan aldurshóp á stafrænu formi.

Foreldrar unglinganna virðast líka hafa falið gömlu partímyndirnar og tekið hlutverk sitt föstum tökum, því að þessir krakkar eyða meiri tíma með foreldrum sínum en tíðkaðist fyrir tveimur áratugum, eru síður úti eftir að útivistartíma lýkur, foreldrarnir fylgjast betur með því í hvaða félagsskap þau eru og almennt eiga þau góðan aðgang að umhyggju, hlýju og góðum ráðum hjá foreldrum sínum.

Þetta er jákvæð mynd og hefur þrátt fyrir efnahagshremmingar og alls konar samfélagsbreytingar farið heldur batnandi undanfarna tvo áratugi. Þar með er að sjálfsögðu ekki sagt að allt sé í himnalagi. Áhættuhóparnir eru til, sem verða áfengi og fíkniefnum að bráð, glíma við heilsu- og félagsvanda eða detta út úr námi. Rannsóknirnar gegna ekki sízt því hlutverki að finna þá hópa og finna leiðir til að sinna þeim betur. En það er mikið unnið með því að stækka sterka hópinn. Það virðist sem betur fer hafa tekizt alveg ágætlega.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Léttvægt lögbrot

Lára Hanna Einarsdóttir bloggari er ein þeirra sem kallað hafa eftir nýjum vinnubrögðum og því að lærdómur sé dreginn af skipbrotinu sem efnahagshrunið var. Einmitt þess vegna er sérkennilegt að lesa skrif hennar varðandi þá staðreynd að úrskurðað hafi verið að Ögmundur Jónasson hafi brotið lög. Lára birtir á Facebook-síðu sinni tilvitnun í einhvern Jón sem hún segist sammála, en þar er að finna langan lista yfir mál sem fjölmiðlar sofa á verðinum gagnvart á meðan þeir einblína á lögbrot ráðherrans. Sjálf hefur hún hvorki tíma né áhuga á að setja sig inn í málið.



### Valkvæð samfélagsvitund

Það eru léttvæg rök að agnúast út í umfjöllun um eitthvað sem manni finnst ekki nógu merkilegt, af því að allt hitt sem manni finnst vera að er enn ólagað. Þá hefði maður haldið að réttlætiskennd Láru Hönnu næði yfir öll lögbrot og að hið nýja samfélag réttsýni og ábyrgðar ætti við í öllum tilvikum þegar ráðamenn brjóta lög. Samfélagsvitund á nefnilega ekki að vera valkvæð.

### Þá kjósum við bara

Lúðvík Geirsson, þingmaður Samfylkingarinnar, var í viðtali á Bylgjunni í gærmorgun. Hann kvartaði yfir ástandinu á þingi, stór mál væru tekin í gíslingu og allt í uppnámi. Þá væri stjórnarliðið ekki nógu samhent því „Vinstri græn hafa því miður verið í mjög þungri stöðu og það er greinilegt að hún er þannig núna". Ef þetta breytist ekki vill Lúðvík rjúfa þing og boða til kosninga. Þolinmæðin gagnvart samstarfsflokknum virðist því ansi þunn.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Nýtt ráðuneyti allra atvinnugreina

Stjórnarráð

Steingrímur J. Sigfússon

atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra



Á laugardag tók til starfa nýtt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og með því hafa stjórnvöld og atvinnulífið eignast öflugt tæki til stefnumótunar, framþróunar og nýsköpunar. Markmiðið er skýrt og klárt – að búa eins vel og kostur er í haginn fyrir öflugt atvinnulíf.

Meðal þess sem gagnrýnt var í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var að stjórnsýslueiningarnar væru of veikburða og að styrkja þyrfti ráðuneytin. Með því að sameina iðnaðarráðuneytið, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og hluta af efnahags- og viðskiptaráðuneytinu er orðið til nýtt 70 manna ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar sem hefur afl og burði til að ráða við þau mikilvægu verkefni sem við blasa.

Í skipuriti nýja ráðuneytisins er ekki að finna nöfn hinna hefðbundnu atvinnugreina sem margar hverjar hafa hingað til átt sín eigin ráðuneyti. Þeim verður eftir sem áður sinnt af kostgæfni en til þess að takast á við ný tækifæri tókum við snemma þá ákvörðun að hólfa ekki atvinnugreinarnar niður hverja í sinn bás heldur nálgast þær út frá almennum starfsskilyrðum.

Þetta er að mínu viti holl og tímabær uppstokkun því að atvinnugreinar þróast með tímanum. Hvern hefði til dæmis órað fyrir því fyrir 25 árum að árið 2012 yrði ferðaþjónustan ein af þeim þremur atvinnugreinum sem skapa okkur Íslendingum mestar gjaldeyristekjur? Hvað þá að uppgangur hinna svokölluðu skapandi greina yrði í líkingu við það sem raunin er. Það er ekki að ástæðulausu að síðara orðið í nafni hins nýja ráðuneytis sé nýsköpun.

Stofnun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis ásamt stofnun fjármála- og efnahagsráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneytis er lokahnykkurinn á viðamikilli endurskipulagningu stjórnarráðsins sem mælt var fyrir um í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Ráðuneytum hefur fækkað úr 12 í 8 og fyrir vikið stöndum við nú með skilvirkari og öflugri stjórnsýslu.

Ég hlakka til að vinna að því að efla íslenskt atvinnulíf ásamt samstarfsfólki mínu í nýju ráðuneyti og í skapandi samvinnu við hagsmunaaðila. Tækifærin eru svo sannarlega til staðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* DÆGURMÁL: Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ: Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Krónan á þunnum ís, 2. hluti

Fjármál

Zack Vogel
lektor í New York



Brasilía og Kína hafa farið ólíkar leiðir í sínum gengismálum. Af því geta Íslendingar lært þó stærðarmunur hagkerfanna sé mikill. Argentína og Venesúela hafa lengi reynt að halda gjaldmiðlum sínum sterkari en sem svarar til jafnvægisgengis þeirra og hafa reynt að halda aftur af verðbólgu með miklum stjórnvaldsafskiptum án þess að grípa til gengisfellinga.

Þessi barátta Suður-Ameríkuríkjanna tveggja hefur staðið lengi en mun án efa enda með greiðslufalli, gengisfellingum og óðaverðbólgu. Íslenska fjármála- og gjaldmiðilskreppan gekk hraðar fyrir sig og náði til mun færri þátta hagkerfisins en í Argentínu og Venesúela og landið ætti því ekki að þurfa að ganga í gegnum sömu reynslu og löndin tvö. En hafist Ísland ekkert að varðandi fyrirkomulag gjaldmiðilsmála sinna mun það fylgja í fótspor Argentínu og Venesúela. Lítil lönd geta ekki haldið gjaldmiðli sínum sterkum yfir lengri tíma.

Valið milli þess að halda krónunni eða að taka upp erlenda mynt kann að tengjast áframhaldandi aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Ísland getur ekki haldið krónunni og samtímis komist hjá takmörkunum á að- og frástreymi erlends fjármagns. Yrði reynt að halda krónunni og heimila jafnframt frjálst flæði fjármagns inn og úr landi myndi fyrirkomulagið magna upp bólur sem á endanum spryngju rétt eins og í október 2008. Íslensk stjórnvöld þurfa að ræða við EFTA og Evrópusambandið um aðferðir til að halda aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu þrátt fyrir nauðsynlegar takmarkanir á fjórfrelsinu þannig að Íslendingar geti áfram búið í haginn fyrir stöðugan hagvöxt og verðlagsstöðugleika og gengisstöðugleika. Markmið viðræðna af hálfu Íslendinga ætti að vera að halda krónunni og aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu.

Samandregið felast tillögur mínar í allmörgum þáttum. Hægt er að vinna að sumum þáttunum samtímis. Í fyrsta lagi þurfa íslensk stjórnvöld að setja upp nefnd sem setur fram gengisstefnu og hefur tæki til að halda gengi krónunnar veikara en jafnvægisgengi segir til um. Í öðru lagi ætti að leyfa erlendum fjárfestum að fara hægt og bítandi út úr hagkerfinu jafnframt því sem ströng skilyrði yrðu sett fyrir innflæði fjármagns. Í þriðja lagi þarf að ræða við EFTA og Evrópusambandið um áframhaldandi aðild landsins að Evrópska efnahagssvæðinu þrátt fyrir takmarkanir á fjármagnsflæði til og frá landinu. Í fjórða lagi ættu íslensk stjórnvöld að halda áfram hinu hægfara umsóknarferli að Evrópusambandinu og að Myntbandalagi Evrópu. Það yrði Íslendingum ekki til góðs að taka upp þjóðargjaldmiðla landa á borð við Kanada eða Bandaríkjanna vegna þess að peningamálaaðgerðir og gjaldmiðlapólitískar aðgerðir þessara landa munu aldrei taka mið af þörfum eða vandamálum Íslands.

Ef allt færi á besta veg yrði staðan sú að búið væri að ná tökum á stjórn krónunnar og gengi hennar væri nægjanlega veikt til að forða hættu á miklum gengisfellingum löngu áður en það væri kominn tími til þess fyrir Ísland að taka upp evru. Þetta myndi krefjast talsverðra fórna þegar til skamms tíma er litið. Hugsanlega þarf að veikja krónuna talsvert og berjast við verðbólgu með auknum hagvexti til að forðast vaxtahækkanir. Hvort tveggja kynni að auðvelda að koma íslenska hagkerfinu á braut sjálfbærs hagvaxtar. Besta stefnumörkunin fyrir Ísland virðist vera að undirbúa sig vel undir að geta tekið upp evru. Ef vel yrði unnið að slíkri stefnumörkun gæti það verið besti undirbúningur þess að þurfa ekki að ganga alla þá leið.

Þó það kunni að virðast ólíklegt nú, þá gæti til þess komið að upptaka evru yrði til þess að Ísland yrði fórnarlamb lánaþenslu og gæti ekki losað sig úr þeirri klemmu. Þetta er staðan í Grikklandi nú. Sagan segir þó að það að halda sér við krónuna feli í sér áhættu. Vel upplýstur Seðlabanki getur dregið úr hættu á sveiflum í verðmæti krónunnar. En ekki er hægt að koma að fullu í veg fyrir slíka atburði.

Af tilviljun kom skýrsla Seðlabankans um „Varúðarreglur eftir fjármagnshöft“ út sama dag og ég setti þessar línur á blað. Ég mun lesa enska útgáfu skýrslunnar um leið og hún liggur fyrir en þeir punktar sem ég hef séð benda til að þessar reglur ættu að styrkja og styðja nýja og bætta krónu.

Nú er rétt að halda krónunni, halda augunum á veginum og vonast til að þurfa ekki undir neinum kringumstæðum að þurfa að setja stjórntækin í hendur annarra.

*Zack Vogel keypti og seldi skuldatryggingar nýlega þróaðra ríkja fyrir Morgan Stanley og Deutsche Bank. Hann vinnur nú að því að greina viðbrögð Íslands, Argentínu, Grikklands og annarra kreppuhrjáðra landa við fjármálakreppum, nýjum og gömlum. Hann er lektor við Viðskiptafræðideild Skidmore College í Saratoga Springs, New York. Námskeið Vogels um Global Credit Crisis mun fjalla ýtarlega um valkosti þá sem Ísland stendur frammi fyrir á gjaldmiðilssviðinu.*

# *Lítil athugasemd*

Í Fréttablaðinu 3. sept. sl. vakti athygli mína lítil klausa. Tilefnið var undirskrift gegn því að öræfi Íslands væru seld útlendingum, en greinarhöfundur setur síðan atburðinn í óvænt samhengi við undirskriftasöfnun sextíumenninganna frá 1964 þar sem hvatt var til takmörkunar á útsendingum hersjónvarpsins sem þá var við lýði.

Við þetta er ýmislegt að athuga og þá helst þetta: Um áratugaskeið var bandarísk herstöð á Íslandi sem klauf þjóðina í fylkingar með og móti, sennilega jafn stórar um það bil sem téð undirskriftasöfnun átti sér stað. Þegar hér var komið sögu hafði herstöðin, auk þess að verja landið fyrir utanaðkomandi árás, tekið að sér að sjónvarpa afþreyingarefni eins langt og stöðin dró, þ.e. um suðvestanvert landið.

Á þeim tíma var ekkert sjónvarp á Íslandi þannig að áhrifamesti fjölmiðill samtímans var í höndum erlendrar herstöðvar, umdeildrar, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Af því leiddi að jafnvel stuðningsmönnum hersetunnar ofbauð, sumum hverjum, og lögðu því nafn sitt við listann. Að gefa í skyn að sú undirskriftasöfnun hafi á einhvern hátt misst marks af því nú geti landsmenn náð fjölda erlendra stöðva í tækin sín er varla samboðið Kolbeini Óttarssyni Proppé. Eða hvað?

**Pétur Gunnarsson** rithöfundur




AF FINGRUM FRAM

*Spjalltónleikar án hliðstæðu*

*Jón Ólafsson tekur á móti okkar fremsta tónlistarfólki og laðar fram frábæra stemningu eins og honum er einum lagið. Í fyrra seldist allt upp. Tryggið ykkur miða í tíma.*

**27. september kl. 20.30**
KK – VEGBÚINN VINALEGI





**18. október kl. 20.30**
MAGNÚS EIRÍKSSON – KÓNGUR EINN DAG

**1. nóvember kl. 20.30**
HELGI BJÖRNSSON – ERU EKKI ALLIR SEXY?





**22. nóvember kl. 20.30**
PÁLL ÓSKAR – GORDJÖSS.IS

**6. febrúar kl. 20.30**
EIVÖR PÁLSDÓTTIR – EINSTÖK UPPLIFUN





**21. febrúar kl. 20.30**
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON – VIÐ FÁUM ALDREI NÓG AF BÓ

**7. mars kl. 20.30**
ANDREA GYLFADÓTTIR – ÞÓ FYRR HEFÐI VERIÐ





**21. mars kl. 20.30**
DIDDÚ – SPILVERKIÐ OG STELLA

*Stakir miðar 3.300 kr. Fernir tónleikar á aðeins 11.600 kr.*

Miðasala Salarins er opin virka daga kl. 12.00-17.00 og klukkustund fyrir tónleika. **SÍMI 5 700 400**
**WWW.SALURINN.IS** • Hamraborg 6 • 200 Kópavogi

RÁS 2

SALURINN
*-hljómar vel*

# Vilt þú að náttúruauðlindir verði þjóðareign?

Ný stjórnarskrá

Þorkell Helgason
sat í stjórnlagaráði



Hinn 20. október nk. verður haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs um nýja stjórnarskrá. Auk almennrar spurningar um grundvöllinn verður spurt um afstöðu til nokkurra lykilatriða í tillögum ráðsins. Önnur spurningin, sem lýtur að einu þessara atriða, felst í fyrirsögn þessa pistils en er í heild sinni þannig: „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?“

Ekki virðist mikill ágreiningur meðal þjóðarinnar eða stjórnmálaflokkanna um svarið. Flestir virðast vilja stjórnarskrárvarið ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum og eru þá einkum fiskimiðin og orkulindirnar hafðar í huga. En ágreiningur hefur verið um merkingu hugtaksins þjóðareign, einkum meðal lögfræðinga. Til eru þeir sem líta á þetta sem hátíðlega en merkingarlitla yfirlýsingu. Aðrir gefa minna fyrir orðið en vilja gæða hugtakið innihaldi og þá einkum því hvernig beri að nýta auðlindirnar auk skýrra ákvæða um endurgjald fyrir afnot af þjóðareignum.

Málið er eitt þeirra sem Alþingi fól stjórnlagaráði að taka sérstaklega til skoðunar. Það var gert eins og sést í ýtarlegum ákvæðum, einkum í 34. gr. í frumvarpi ráðsins. Að beiðni Alþingis var málið aftur yfirfarið á fundum þorra ráðsmanna 8.-11. mars sl. Meginákvæðin í frumvarpsgreininni (eftir yfirferðina) eru þessi:

*A1: Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar.*

*A2: Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.*

*A3: Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði… sem ekki eru í einkaeigu.*

*A4: Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn.*

*A5: Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.*

Fyrsti málsliðurinn, A1, er yfirlýsing um þjóðareign. Með A3 er skýrt tekið fram að ekki er verið að sölsa einkaeigur undir ríkisvaldið. Um innihaldið, meðferð þjóðareigna, er fjallað í liðum A3, A4 og A5. Vegur þar einna þyngst að fyrir hagnýtinguna eigi að greiða „fullt gjald“, sem er orðalag sótt í ákvæði núgildandi stjórnarskrár um eignarnám, og að nýtingarrétturinn skuli veittur á „jafnræðisgrundvelli“.

Spurningin um þjóðareignina í atkvæðagreiðslunni 20. október snýst að formi til aðeins um yfirlýsinguna, ígildi A1, en ætla verður að Alþingi muni skoða jáyrði við henni sem efnislegan stuðning við alla 34. gr. í frumvarpi ráðsins.

**Rök fyrir JÁ við spurningunni**

Ekki er tóm til að rekja þau fjölmörgu rök sem fram hafa komið um þjóðareign á auðlindum og verður aðeins tæpt á nokkrum:

■ Á þjóðfundinum 2011 var áberandi sú skoðun að mæla bæri fyrir um eign þjóðarinnar á auðlindum í stjórnarskrá og að arður af nýtingu þeirra rynni að meginhluta til eigandans, þjóðarinnar.

■ Með yfirlýsingu um þjóðareign á auðlindum og öðrum takmörkuðum gæðum sem ekki eru í einkaeigu er verið að taka af skarið um mál sem hefur velkst lengi fyrir þingi og þjóð. Nú er tækifæri til að taka af skarið þannig að ekki verði um villst.

■ Ekki síst er mikilvægt við hvers kyns samninga við erlend ríki eða ríkjasamtök að það sé á hreinu að auðlindir lands og sjávar eru í eigu íslensku þjóðarinnar.

■ Verið er að vinna að afmörkun landareigna í einkaeigu. Afgangurinn á ekki að verða einskis manns land heldur ótvíræð sameign þjóðarinnar.

■ Nýting þjóðareigna, fiskimiða eða orkulinda, á áfram að vera í höndum einstaklinga og fyrirtækja. Því er ekki verið að breyta með yfirlýsingu um þjóðareign.

■ Stjórnarskrárákvæðin nýju setja því siðferðilegar skorður hvernig með skal fara við úthlutun nýtingarleyfa. En það verður áfram hlutverk Alþingis að setja leikreglurnar. Ákvæðin mæla t.d. hvorki fyrir um tiltekið kvótakerfi né einhverja aðra fiskveiðistjórnunaraðferð.

**Rök fyrir NEI við spurningunni**

Andstæðingar þjóðareignar hafa ekki tjáð sig mikið með beinum hætti heldur fremur þannig að gera eigi hlutina einhvern veginn öðru vísi:

■ Sumir lögfræðingar segja hugtakið þjóðareign vera loðið og skapa ýmsan skilgreiningarvanda. Því er til að svara að í stjórnarskrárákvæðinu og í umræddri 34. gr. í frumvarpi ráðsins er kveðið skýrt á um merkingu orðsins.

■ Sagt hefur verið að þjóðareign feli í sér þjóðnýtingu sem sé af hinu vonda. Þetta er á misskilningi byggt þar sem stjórnlagaráð tekur skýrt fram að þjóðareign nái aðeins til þeirra réttinda sem ekki eru þegar í einkaeigu. Hún nær einungis til þess sem enginn hefur með réttu getað eignað sér.

■ Sumir hafa áhyggjur af því að ný eða breytt ákvæði um þjóðareign og afnotaskilmála setji allt á hvolf. Ég tel þetta óþarfa áhyggjur. Það er undir löggjafanum komið að tryggja að framkvæmd þjóðareignarákvæðisins eigi sér eðlilegan aðdraganda og aðlögunartíma.

**Ályktun**

Pistilhöfundur mælir með jáyrði við spurningunni. Þar með verði tryggt að sameiginlegur auður lands og sjávar haldist hjá þjóðinni en hverfi ekki til einstaklinga hvort sem er innan lands eða utan.

> Ekki virðist mikill ágreiningur meðal þjóðarinnar eða stjórnmálaflokkanna um svarið. Flestir virðast vilja stjórnarskrárvarið ákvæði um þjóðareign á náttúruauðlindum og eru þá einkum fiskimiðin og orkulindirnar hafðar í huga. En ágreiningur hefur verið um merkingu hugtaksins þjóðareign, einkum meðal lögfræðinga.

Bjart er yfir **Brighton**
Kláraðu jólainnkaupin í tíma

**12. – 15.** okt.
**2. – 5.** nóv.
**30.** nóv. **– 3.** des.



Njóttu lífsins og sinntu jólainnkaupunum í einni allra fegurstu borg Bretlands.

Innifalið er flug með sköttum og gjöldum, 3 nætur á Hótel Jurys Inn auk morgunverðar. Brighton er í 40 mín. akstursfjarlægð frá Gatwick.

Verð á mann í tvíbýli: **59.900 kr.**

**Nánari upplýsingar á wowferdir.is og í síma 590 3000**

wowferdir.is WOW FERÐIR



LÁTTU FAGMENN META GULLIÐ

Sérstaða okkar hjá **Jóni og Óskari** er sú að við höfum keypt og selt gull í 41 ár og búum því yfir mikilli þekkingu, reynslu og fagmennsku á þessu sviði.

Við kaupum til endurvinnslu allar tegundir af **gullskartgripum**, gamla og nýja, gullúr, tanngull, gullpeninga, hvers kyns silfur og demanta í betri skartgripagæðum.

Við bjóðum gott og alþjóðlega samkeppnishæft verð fyrir gripina og framleiðum úr öllu gulli sem við kaupum. Þannig spörum við gjaldeyri.

Komdu til okkar á **Laugaveg 61** og leyfðu okkur að veita þér **faglega ráðgjöf** sem tryggir að þú færð rétta greiningu á þínum verðmætum. **Það skiptir mestu máli.**

Við staðgreiðum allt gull en áskiljum okkur rétt til að biðja um persónuskilríki. Aðeins í verslun okkar að Laugavegi 61, virka daga milli kl. 10–18.

Góð séraðstaða þar sem gull er metið í ró og næði.

JÓN & ÓSKAR

PIPAR\TBWA • SÍA • 121816

www.jonogoskar.is Sími 5524910 / Laugavegi 61 / Kringlan / Smáralind

# Burt með allt pukur og baktjaldamakk

Stjórnmál

Jakob F. Ásgeirsson
rithöfundur og útgefandi



Í síðustu viku skýrði framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins frá því opinberlega að „starfshópur“ væri að útfæra þá hugmynd að val á framboðslistum flokksins í næstu alþingiskosningum færi fram „á fulltrúaráðsfundi“ eins og það var orðað. Flesta stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins hefur vafalaust sett hljóða við þessi tíðindi.

Hverjir skyldu helst mæla fyrir þessari fráleitu hugmynd? Jú, það eru væntanlega fylgismenn þeirra kjörinna fulltrúa flokksins sem gagnrýnislaust stigu trylltan hrunadansinn með skuldakóngum „útrásarinnar“. Þeir hafa, að sögn, hreiðrað um sig í flokksfélögum Sjálfstæðisflokksins og virðast stundum hafa það eitt markmið að treysta stöðu sinna manna, tryggja að þeir haldi sínu sæti í goggunarröðinni.

Þetta er kannski meginskýringin á þeirri gjá sem á undanförnum árum hefur myndast milli flokksapparatsins og almennra fylgismanna Sjálfstæðisflokksins. Í flokkskerfinu hugsa menn fyrst og fremst um innanflokksvaldabrölt en almennum stuðningsmönnum flokksins er hins vegar efst í huga að standa vörð um sjálfstæðisstefnuna. Þess vegna væri flokksapparatinu vel trúandi til þess að fara þessa fráleitu leið. Viðhlæjendur skuldakónganna telja sig eiga vísan meirihluta meðal þeirra sem hafa rétt til þess að sækja fulltrúaráðsfundi Sjálfstæðisflokksins.

Af þeirri ástæðu er mikilvægt að almennir stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins láti heyra í sér og komi í veg fyrir þessa ósvinnu.

Þeir sem kjörnir hafa verið til trúnaðarstarfa í nafni Sjálfstæðisflokkinn eiga ekki flokkinn. Það eru stuðningsmenn flokksins sem eiga Sjálfstæðisflokkinn. Kjörnir fulltrúar flokksins starfa í umboði þeirra og ef stuðningsmönnunum finnst þeir hafa brugðist trausti sínu eiga þeir skilyrðislaust að víkja. Það er hin lýðræðislega aðferð.

Sjálfstæðisflokkurinn endurvinnur ekki traust kjósenda nema með því að bjóða almennum stuðningsmönnum upp á tækifæri til rækilegrar endurnýjunar á framboðslistum flokksins.

# ÖRUGG HEIMAHÝSING MEÐ CLOUDSTATION

**Ljósmyndirnar, kvikmyndirnar, tónlistin og gögn heimilisins aðgengileg úr tölvum, snjallsímum og spjaldtölvum hvar sem er í heiminum. 2ja diska öryggisafritun.**




## SÉRSTAKT TILBOÐSVERÐ

**HARÐIR DISKAR INNIFALDIR Í VERÐI**

| | |
|---|---|
| 2TB | 59.990 |
| 4TB | 79.990 |

4TB útgáfan er með öflugum 1.6GHz örgjörva og DDR3 minni fyrir skjótari flutningshraða og afspilun margmiðlunarefnis.

BUFFALO cloudstation

Buffalo CS-WV/R1 : CloudStation Pro Duo

**NAS heimahýsing**
Heimahýsing er miðlæg og örugg afritunarlausn fyrir öll gögn heimilisins og leið til þess að geta nálgast þau hvar sem er í heiminum með auðveldum hætti. Margar tölvur og símar geta nálgast sömu gögn á sama tíma.

**60 sekúndur í uppsetningu**
NAS heimahýsingar þarfnast oft töluverðra stillinga og aðlögunar. CloudStation þarfnast ekki hugbúnaðar eða sérstillinga og er tilbúið á 60 sekúndum. Eina sem þarf að gera er að tengja við router, fara á heimasíðu framleiðanda og smelltu á „virkja“ til að skrá sig inn. Ekkert flóknara en það.

**Gögnin í öllum tölvum og snjallsímum**
Ekki bara hægt að nálgast öll gögnin þín hvar sem er í heiminum með snjallsímum, spjaldtölvum og öðrum tölvum, heldur getur þú líka hlaðið úr þeim inn á heimahýsinguna hvar sem þú ert. Til dæmis á ferðalagi getur þú vistað allar myndirnar beint inn á CloudStation þannig að ef síminn týnist eru myndirnar í öruggri geymslu heima. Hægt er að deila gögnum með vinum og ættingjum með því að opna aðgang að ákveðnum möppum á heimahýsingunni.

**2 diskar innifaldir – RAID 1 afritun**
RAID1 er örugg afritun sem speglar harða diskinn yfir á annan, svo að gögn tapist ekki ef annar diskurinn bilar. Geymslupláss heimahýsingarinnar helmingast en tryggir meira öryggi. Styður einnig Jbod, fyrir þá sem vilja hámarka geymslugetu diskanna. Bæði tímastillt og sjálfvirk afritun, einnig með TimeMachine frá Mac.

**Þráðlaust heimanet**
Með einföldum hætti geta allar tölvur heimilsins og snjallsímar nálgast gögn heimilisins miðlægt og þráðlaust. Hægt að safna saman fjölskylduljósmyndunum og gögnum úr öllum símum og myndavélum saman á einn öruggan stað, sem tekur jafnframt öryggisafrit.

**BitTorrent niðurhal**
CloudStation notast við uTorrent forritið til þess að hlaða niður BitTorrent skrám, án þess að það þurfi að vera kveikt á tölvunni. Torrent slóðin er einfaldlega afrituð inn í uTorrent forritið og síðan er hægt að slökkva á tölvunni.

**Hraðvirkur örgjörvi og minni**
Með öflugum örgjörva og minni eykst afritunarhraði og margmiðlunarefni er tilbúið fyrr. 4TB útgáfan er útbúin 1.6GHz örgjörva og DDR3 minni.

**Margmiðlunarspilari**
Cloudstation er í raun einnig margmiðlunarspilar sem streymir margmiðlunar efni til hvaða búnaði sem styður UPnP A/V afspilun eins og beint í nýjust gerðir af sjónvörpum, PS3, Xbox 360° og stafræna myndaramma. 4TB útgáfan styður einnig DLNA.

**Engir þjónustusamningar eða áskriftir**
Enginn aukakostnaður eða áskriftargjald. Vefaðgangurinn að CloudStation kemur frá Pogoplug og er innifalinn. Öll smáforrit sem þarf fyrir Android eða iPhone eru einnig ókeypis.

tl.is
TÖLVU LISTINN




**OPIÐ**
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-17

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Frönsk barnalög tryggja mannréttindi

Barnalög



François Scheefer
fv. formaður félags um vináttu og nemendaskipti Frakklands og Íslands

Frönsku barnalögin frá 4. mars 2002 tryggja mannréttindi barna og foreldra, eins og sænsk og norsk barnalög. Enda meta löggjafar Frakklands, Svíþjóðar og Noregs þau grunnréttindi að börn njóti heilbrigðra tengsla við báða foreldra sína og báðar stórfjölskyldur – og þau grunnréttindi að foreldrar eigi óheft og eðlileg samskipti við börnin sín – meðal allra ríkustu mannréttinda.

Á móti eru íslensk barnalög ein þau vanþróuðustu í Vestur-Evrópu. Líka nýju Barnalögin sem taka gildi 1. janúar 2013. Því þótt þau bæti við heimild dómara til að úrskurða um forræði, má barn ekki eiga tvöfalt lögheimili. Og sem fyrr vernda þau börn alls ekki gegn umgengnisréttarbrotum þess foreldris sem þau hafa lögheimili hjá.

**Ábyrgð fyrir lífstíð**

Frakkland gerir mjög miklar kröfur til beggja foreldra um að standa undir ábyrgð sinni gagnvart barninu sínu og hinu foreldri þess. Og algjört lágmark er að geta átt kurteisleg samskipti við hitt foreldrið. Enda telst óvirðing við hitt foreldri barns bein óvirðing við barnið sjálft.

Báðir foreldrar í Frakklandi hafa hnífjöfn réttindi og skyldur fyrir lífstíð vegna eigin barns. Og frönsk lög tryggja barninu óheftan aðgang að þeim báðum. Stjúpforeldri getur t.d. aldrei komið í stað raunverulegs foreldris. Það getur enginn nema um grófa glæpi gegn barninu sé að ræða (eins og t.d. að brjóta umgengnisrétt þess við hitt foreldri sitt). Franskir foreldrar geta m.ö.o. slitið samvistum – en þeir geta aldrei slitið samvistum við börnin sín.

Í Frakklandi eru álit og skoðanir barna alltaf í öndvegi, undantekningalaust og án tillits til aldurs. Fjölskylduhéraðsdómari sker úr um málsatvik. Alltaf skal virða óskir barnsins og foreldrum ber lagaleg skylda til þess að standa undir foreldraábyrgðinni og komast að samkomulagi. Allar stærri ákvarðanir í lífi franskra barna þarf þannig að taka sameiginlega, svo sem um skírn, fermingu, skóla, tómstundastarf og flutning.

Vanur beitningamaður óskar eftir vinnu. Uppl. í s. 894-0409

## Til sölu

### Gjafavörulager til sölu

**Óskum eftir staðgreiðslutilboði í vörulager sem samanstendur af gjafavöru, skreytingarefni, kertum, myndarömmum ofl.**

Lagerinn er í hillum og er miðað við að kaupandi sjái um að pakka vörunni og fjarlægja á eigin kostnað. Varan er til sýnis eftir nánara samkomulagi í síma 8941445.
Tilboð berist í síðasta lagi **þriðjudaginn 11. september**.
Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

## Þjónusta

*Bættu sjálfsálit og sjálfstraust*
*Dáleiðsla.is*

## Atvinna

### Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

# Þroskaþjálfi óskast

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði óskar eftir þroskaþjálfa fyrir skólaárið 2012 - 2013. Viðkomandi þarf að vera stundvís, heiðarlegur og ábyrgur. Um er að ræða hlutastarf. Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu á þessu sviði. Barnaskólinn er 100 barna skóli sem hefur verið starfræktur í sex ár og hefur nú sjötta starfsárið sitt.

Nánari upplýsingar gefur Hildur Sæbjörg – skólastýra í síma 8999633, netfang hildur@hjalli.is. Umsóknir berist á þetta netfang eða í gegnum heimasíðu Barnaskólans http://www.hjalli.is/bsk7610/.

## Tilkynningar

# Styrkir til verkefna í þróunarlöndum

Frestur mannúðarsamtaka til að skila inn umsóknum vegna verkefna í þróunarsamvinnu eða mannúðaraðstoð er til **15. september nk.** Um er að ræða seinni úthlutun ársins 2012. Sérstakar verklagsreglur utanríkisráðuneytisins og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands kveða á um skilyrði fyrir styrkveitingum. Reglurnar hafa verið endurskoðaðar og verða kynntar á fundi í utanríkisráðuneytinu **fimmtudaginn 6. september kl. 15:00.**

Einungis er tekið við umsóknum sem skilað er inn á þar til gerðum eyðublöðum. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á vef utanríkisráðuneytisins.

iceida UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

# Próf í verðbréfaviðskiptum 2012-2013

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir prófum í verðbréfaviðskiptum veturinn 2012-2013 sem hér segir: Próf í I. hluta verða haldin 31. október, 3. og 7. nóvember 2012, próf í II. hluta 23., 26. og 30. janúar 2013 og próf í III. hluta 24., 27. apríl, 4. og 8. maí 2013. Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum, með áorðnum breytingum. Vakin er athygli á að próf í verðbréfaviðskiptum **verða ekki haldin nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í próf,** sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfa-viðskiptum. Sama á við um haustpróf 2013. Öllum er heimilt að skrá sig til verðbréfaviðskiptaprófs.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr á verðbréfaviðskiptaprófi og semur prófsefnislýsingu, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Í prófsefnislýsingu greinir jafnframt upplýsingar um leyfileg hjálpargögn í prófum o.fl., en lýsinguna má nálgast á vefsíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, www.anr.is. Lengd hvers prófs er allt að 4 klukkustundir. Um undanþágur frá töku prófa fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt og skal próftaki hafa lokið öllum nauðsynlegum prófum með fullnægjandi árangri **innan þriggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið**. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0. Nánari upplýsingar um verðbréfaviðskiptapróf má nálgast á fyrrgreindri vefsíðu prófnefndar.

Próftökum verður tilkynnt um nákvæmari tíma- og staðsetningu er nær dregur prófunum, sem þreytt verða í húsakynnum á vegum Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

Skráning í prófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans www.opnihaskolinn.is. Próftakar verða að hafa skráð sig og greitt prófgjald minnst einni viku fyrir sérhvert próf.

Prófgjald verður auglýst síðar á heimasíðu prófnefndar á vefsíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/raduneyti/nefndir/vidskipti/nr/6461.

*Reykjavík,5 september 2012*

*Prófnefnd verðbréfaviðskipta*

## Tilkynningar

# Úthlutun á svæði á þjóðlendu fyrir fjallaskála

VOPNAFJARÐAR HREPPUR

**Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps auglýsir hér með tillögu að heimild fyrir fjallaskála í landi Mælifells í Vopnafirði á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010, skv. 1. gr. b, 2. gr. 2 og á grundvelli 3. mgr., 2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur o. fl.**

Umrætt svæði afmarkast *frá þeim stað þar sem Almenningsá fremri rennur í Selá ræður Selá að Selsárósi. Þá ræður Selsá að upptökum. Þaðan er dregin bein lína í Sýslumannsvörðu á mörkum Vopnafjarðarhrepps og Þórshafnarhrepps og þeim mörkum síðan fylgt í Miðfjarðarárdrög. Úr Miðfjarðarárdrögum er farið í Ufsabrúnir og þaðan er Almenningsá fremri fylgt aftur í Selá* og er þjóðlenda skv. úrskurði Óbyggðanefndar í máli nr. 6/2004 og dómi hæstaréttar á máli nr. 294/2010, sem kveðinn var upp 22. september 2011. Í ljósi þess þarf, auk samþykkis sveitarstjórnar, leyfi forsætisráðuneytisins til að nýta land og landsréttindi á svæðinu til lengri tíma en eins árs, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlenda og afrétta.

Með auglýsingu þessari vill Vopnafjarðarhreppur lýsa eftir aðilum sem áhuga kunna að hafa á að koma fyrir fjallaskála sem fellur að umræddum skilyrðum og uppfylla þá skilmála sem að neðan greinir.

Skilmálar sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi. Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- Hvernig viðkomandi hyggst nýta fjallaskálann en sveitarfélagið setur það sem skilyrði að skálinn þjóni almannahagsmunum, s. s. sem gangnamannakofi og neyðarskýli.
- Vopnafjarðarhreppur lítur svo á að færanlegur fjallaskáli sé kostur en heimild sveitarfélagsins miðast við 10 ár í senn.
- Vanda þarf frágang allan við mannvirkjagerð og vegslóða. Sveitarfélagið mun sérstaklega líta til þess að frágangur verði með þeim hætti að samræmist landslagi vel og þá þannig að möguleikar á endurheimtu lands séu hafðir að leiðarljósi.
- Með gerð vegslóða að tilteknum fjallaskála skal tryggt að ekki verði aðrar leiðir farnar að honum, sé það gert er litið svo á að heimildin sé úr gildi fallin.
- Lóðarleigu greiðir eigandi skv. samþykktri gjaldskrá Vopnafjarðarhrepps, dags. í desember 2005.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið umsókn hér að lútandi til Vopnafjarðarhrepps, Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjörður, eigi síðar en 30. september n. k. Nánari upplýsingar veitir Magnús Már Þorvaldsson í síma 473-1300 eða á magnus@vopnafjardarhreppur.is




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
100% KJÖT
NAUTA Veisla
FJÓRIR 80 GR HAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI
FJÓRIR NAUTAVEISLU HAMBORGARAR M.BRAUÐI
695 KR. PK
KJÖRFUGL
FERSKUR KJÚKLINGUR
598 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGABITAR
1798 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
SKÓLA-OSTUR TILBOÐ
Í SNEIÐUM
1298 KR.KG
OSTSTYKKI
998 KR.KG
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAGÚLLAS
1798 KR. KG
FERSKT NAUTAGÚLLAS
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTASNITSEL
1798 KR. KG
FERSKT NAUTASNITSEL
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
1295 KR. KG
100% KJÖT
FERSKT NAUTAHAKK
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
REYKT FOLALDAKJÖT
MEÐ BEINI
798 KR.KG.
359 KR. STK
JÚMBÓ; PASTA OG KJÚKLINGUR MEÐ EGGI OG SÓSU
HEINZ BEANZ
4 DS. HEINZ BAKAÐAR BAUNIR 398 KR.
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
159 KR 3 FERNUR
BÓNUS KJARNABRAUÐ
198 KR. 500 G
BÓNUS BACON
1598 KR.KG
GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR 3-4
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
998 KR. BAKKINN
998 KR. BAKKINN
998 KR. BAKKINN
998 KR. BAKKINN
998 KR. BAKKINN
998 KR. BAKKINN
KJÚKLINGUR M/NÚÐLUM
PASTA CARBÓNARA
ÍTALSKT LASAGNE
ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
BORRITOS M.KJÚKLINGI
HEILSURÉTTUR M.KJÚKLINGI
998 KR.
BAKKINN
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**FREDDIE MERCURY** söngvari (1946-1991) fæddist þennan dag.

*„Ég vissi alltaf að ég væri stjarna og nú virðist afgangurinn af heiminum vera orðinn sammála mér.“*

NORRÆNT KIRKJUTÓNLISTARMÓT SETT Á MORGUN: 500 ÞÁTTTAKENDUR

# Fjöldi fjölbreyttra tónleika



**ORGANISTINN** Kjartan Sigurjónsson hefur tekið þátt í norrænum kirkjutónlistarmótum í tuttugu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta mót hefur verið haldið á fjögurra ára fresti frá árinu 1933 á Norðurlöndunum til skiptis, var haldið hér á Íslandi síðast 1992 og nú er röðin aftur komin að okkur,“ segir Kjartan Sigurjónsson, forseti norræna kirkjutónlistarráðsins, spurður um norrænt kirkjutónlistarmót sem haldið verður í Reykjavík dagana 6. til 9. september. Yfirskrift mótsins er „Guðsþjónustan á nýrri öld“ og verður lögð áhersla á virkni þátttakenda í vinnusmiðjum sem allar snúast um nýsköpun í kirkjutónlist og flutningi á kirkjutónlist.

Um 500 manns hafa skráð sig til þátttöku á mótinu en auk þeirra kemur hingað fjöldi kórfélaga þar sem hvert Norðurlandanna sendir kóra sem fram koma á tónleikum í tengslum við mótið. Má þar fyrst nefna glæsilega opnunartónleika í Hallgrímskirkju annað kvöld þar sem Guðný Einarsdóttir mun flytja nýjan orgelkonsert eftir Hjálmar H. Ragnarsson ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands, undir stjórn Harðar Áskelssonar. Alla dagana verða svo tónleikar víða í kirkjum borgarinnar þar sem fram koma kórar, organistar og annað kirkjutónlistarfólk frá öllum Norðurlöndunum. Má þar nefna Sokkelund sangkor frá Danmörku, sem talinn er einn af bestu kórum þar í landi, Inger-Lise Ulsrud, organista í Ósló og Mattias Wager, organista í Storkyrkan í Stokkhólmi, en hann lék við brúðkaup Victoriu krónprinsessu og Daniels Westling árið 2010.

„Svo má ekki gleyma orgeltónleikum í Hafnarfjarðarkirkju í hádeginu á föstudaginn, þar sem koma fram orgelleikarar frá öllum Norðurlöndunum,“ segir Kjartan. „Einnig má nefna samsöng allra þátttakenda, „Sing along“, í Langholtskirkju. Þar mun hvert land kenna öðrum þátttakendum mótsins nýja kirkjulega tónsmíð frá heimalandi sínu. Mótinu lýkur svo með hátíðarmessu í Hallgrímskirkju á sunnudaginn klukkan tíu með þátttöku allra kóra og organista mótsins og verður messunni útvarpað.“

Kjartan er enginn nýgræðingur á mótinu því hann hefur tekið þátt í öllum mótum síðan 1992. „Þetta er alveg svakalega skemmtilegt,“ segir hann. „Mjög oft hittir maður sama fólkið aftur og aftur og ég veit að núna mun ég hitta nokkra sem hafa verið með mér á öllum mótum sem ég hef sótt og maður hefur kynnst í gegnum árin. Ég hlakka mikið til.“

Allar nánari upplýsingar um dagskrá norræna kirkjutónlistarmótsins fást á vefslóðinni nks2012.is.

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SÓLVEIGAR KRISTJÁNSDÓTTUR**
**áður til heimilis að Nökkvavogi 42, Reykjavík.**

**Páll K. Gunnarsson** **Esther Þorgrímsdóttir**
**Guðmundur Gunnarsson** **Bjarma Didriksen**
**Sigurður D. Gunnarsson** **Anna Skagfjörð Gunnarsdóttir**
**Oddur Gunnarsson** **Áslaug Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**LOFTUR ÓLAFSSON**
**Logafold 20,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 30. ágúst. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 7. september kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á að láta Hjálparstarf kirkjunnar njóta þess.

**Valgerður Gísladóttir**
**Ólafur Loftsson** **Þórdís Ólafsdóttir**
**Hildur Loftsdóttir** **Birgir Sigurðsson**
**Rúna Guðrún Loftsdóttir** **Ásgeir Sigurðsson**
**afabörn og langafabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir mín,

**MARGRÉT VALTÝSDÓTTIR**
**frá Selárbakka,**
**Þórunnarstræti 129, Akureyri,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar 1. september. Útför hennar fer fram frá Stærri-Árskógskirkju þriðjudaginn 11. september kl. 14.00.

**Óskar Harðarson**

---

✝



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**VALGERÐUR JÓNASDÓTTIR**
**áður til heimilis í Einholti 6c, Austurbyggð 17, Akureyri,**

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 7. september kl. 13.30.

**Margrét Kristjánsdóttir** **Jóhann Jóhannsson**
**Júlíus Kristjánsson** **Svanhildur Sigurðardóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---

✝



Elsku hjartans konan mín, yndislega mamma okkar, amma Jósefína, tengdamamma, dóttir og systir,

**JÓSEFÍNA KRISTBJÖRG ARNBJÖRNSDÓTTIR**
**Sunnubraut 12, Garði,**

lést í faðmi fjölskyldunnar á D-deild HSS þann 31. ágúst sl. Útför fer fram frá Útskálakirkju í Garði, föstudaginn 7. september kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Magnús Torfason**
**Brynja Magnúsdóttir** **Karl Einarsson**
**Jónína Magnúsdóttir** **Guðni Ingimundarson**
**Jóhann Daði Magnússon**
**Ingimundur Aron Guðnason**
**Björn Bogi Guðnason**
**Magnús Máni Guðnason**
**Jóhanna Sigurðardóttir**
**og systkini hinnar látnu.**

---

Lokað verður frá kl. 13.00 í dag, 5. september vegna jarðarfarar **Martins Grabowski læknis.**

**Læknasetrið**
**Rannsóknastofan í Mjódd**
Þönglabakka 1 og 6, Reykjavík

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**HALLDÓRA STEFÁNSDÓTTIR**
**frá Raufarhöfn, áður til heimilis í Vogatungu 101, Kópavogi,**

sem lést á Hrafnistu Hafnarfirði sunnudaginn 26. ágúst, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju í dag, miðvikudaginn 5. september kl.13.00.

**Árni Pétursson** **Svanhildur Sigurðardóttir**
**Gísli Þröstur Kristjánsson** **Oddný Gestsdóttir**
**Guðleif Kristjánsdóttir** **Helgi Eiríksson**
**Arnþrúður Kristjánsdóttir** **Hafsteinn Guðmundsson**
**Stefán Kristjánsson** **Agla Róbertsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**HALLFRÍÐUR SVAVARSDÓTTIR**
**Sæborg, Svalbarðseyri,**

lést 30. ágúst. Útför hennar fer fram frá Svalbarðskirkju föstudaginn 7. september kl. 15.00.

**Benedikt Friðbjörnsson**
**Hörður Benediktsson** **Hafdís Freyja Rögnvaldsdóttir**
**Kristján Ellert Benediktsson** **Ólöf Gústafsdóttir**
**Steinunn Benediktsdóttir** **Árni Jónsson**
**Ólöf Benediktsdóttir**
**Sigríður Benediktsdóttir**
**Friðbjörn Benediktsson** **Thelma Baldursdóttir**
**Benedikt Benediktsson** **Guðrún Rut Guðmundsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---

✝



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elsku móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**RAGNHILDAR J. PÁLSDÓTTUR**
**Fróðengi 1, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar 11E á Landspítala Hringbraut fyrir einstaka hlýju og umönnun.

**Hjörtur Ingi Vilhelmsson** **Vilborg Sigrún Ingvarsdóttir**
**Jóhanna Elísabet Vilhelmsdóttir** **Sigurjón Bolli Sigurjónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÉTUR SIGURÐSSON**
**bóndi á Hjaltastöðum,**

verður jarðsunginn frá Flugumýrarkirkju mánudaginn 10. september kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki.

**Þórólfur Pétursson** **Anna Jóhannesdóttir**
**Bryndís Pétursdóttir**
**Margét Pétursdóttir** **Sveinn L. Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR**
**Lönguhlíð 21, Reykjavík, áður til heimilis að Strandgötu 35, Akureyri,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 1. september. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 7. september kl. 13.00. Jarðsett verður á Akureyri 10. september kl. 14.00.

**Ólafur I. Hrólfsson**
**Hallfríður Hrólfsdóttir**
**Auður Sigrún Hrólfsdóttir** **Jón Ingvar Valdimarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR HANSEN FRIÐRIKSSON**
**fyrrverandi skólastjóri,**

sem lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 30. ágúst sl. verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 7. september nk. kl. 15.00.

**Gísli H. Guðmundsson** **Anna Hugrún Jónasdóttir**
**Friðrik Hansen Guðmundsson** **Ingibjörg Ragna Óladóttir**
**Kristján G. Guðmundsson** **Hjördís Svavarsdóttir**
**Árni J. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Í HVAÐA SÆTI LENDIR ÞÚ?



**Þú gætir lent í sæti aðstoðarökumanns á sérleið í alþjóðlega Shell V-Power rallýinu sem fram fer 6.-8. september í nágrenni Reykjavíkur**

Allir sem taka eldsneyti á bensínstöðvum Shell fyrir 5. september og fylla út þáttökuseðil komast í pottinn. Tíu heppnir þátttakendur verða dregnir út og fá að sitja í sæti aðstoðarökumanns keppanda í Shell V-Power rallýinu á stystu sérleiðinni sem fer fram í Kópavogi 6. september.

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.skeljungur.is/VPower.

Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** málhelti, **6.** tveir eins, **8.** vætla, **9.** geislahjúpur, **11.** fyrirtæki, **12.** læða, **14.** handfang, **16.** borðaði, **17.** saur, **18.** umrót, **20.** gjaldmiðill, **21.** einsöngur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** málmur, **3.** golfáhald, **4.** dagatal, **5.** raus, **7.** landbúnaðartæki, **10.** drulla, **13.** fæðu, **15.** innyfla, **16.** spíra, **19.** ætíð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** stam, **6.** tt, **8.** ila, **9.** ára, **11.** ms, **12.** lauma, **14.** krani, **16.** át, **17.** tað, **18.** los, **20.** kr, **21.** aría.
**LÓÐRÉTT: 1.** stál, **3.** tí, **4.** almanak, **5.** mas, **7.** traktor, **10.** aur, **13.** mat, **15.** iðra, **16.** ála, **19.** sl.






# Í blíðu og stríðu

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Ég blótaði sjálfri mér í huganum meðan ég þeytti saman sykur og egg. Skildi ekkert í mér að hafa gleymt þessu. Hveiti og kakó þyrlaðist ofan í skálina ásamt vænum slurk af vanilludropum og svo skellti ég ofninum aftur. Eins gott að úr yrði hin svakalegasta kaka. Bóndinn átti afmæli og ég hafði steingleymt því. „Hva, ætlar enginn að óska mér til hamingju?“ sagði hann vonsvikinn þegar ég var hálfnuð út um dyrnar með krakkana í eftirdragi. Morguninn hafði farið, eins og venjulega, í að koma kenjóttum í föt, lýsisgjafir og hefðbundin morgunverk og enginn mundi eftir afmælinu. Gott ef ég hafði ekki einmitt verið sérstaklega önug þennan morgun!

**NÚ** reyndi ég að klóra í bakkann. Dagurinn var ekki úti enn og því bakaði ég og blés í blöðrur af miklum móð svo ég sá svart. Það gafst enginn tími í tiltekt en ég mat það svo að gæði kökunnar skiptu meira máli í huga afmælisbarnsins en skúrað gólf. Blöðrurnar voru drifnar upp á band og krakkarnir máluðu fána. Það stóð á endum. Þegar bóndinn kom heim var kakan klár á borðinu!

**FÓLK** tekur dagsetningar misjafnlega hátíðlega. Hversu oft höfum við ekki heyrt sögur af því hvernig mikilvæg tímamót sem gleymast, afmæli eða brúðkaupsafmæli, hafi nánast valdið hjónaskilnaði hjá einhverjum meðan aðrir gleyma jafnvel sínu eigin afmæli. Muna varla hvað þeir eru gamlir. Ég slapp sem betur fer fyrir horn í þetta skiptið. Afmæli bóndans sem gleymdist var svo sem ekkert stórafmæli en afmæli samt sem áður og mér þótti leitt að hafa gleymt því. Ég hét sjálfri mér því að skerpa á minninu. Vera vakandi og fylgjast betur með.

**Í GÆRMORGUN** sat ég svo og las blaðið eftir að hefðbundnum morgunverkum lauk. Ég þurfti ekki að mæta í vinnu þennan dag og hafði það gott í joggingbuxunum við eldhúsborðið þegar bóndinn sveiflaði sér óvænt inn úr dyrunum. Hann lyfti glaðbeittur upp poka af dýrindis morgunbrauði en ég starði í forundran á hann. Gott ef ég þusaði ekki eitthvað um óþarflega vel í lagt bakkelsi, svona á þriðjudegi, hvað stæði eiginlega til? Var einmitt hálf önug þennan morgun.

**POKINN** seig í höndum bóndans og sömuleiðis munnvikin: „Til hamingju með brúðkaupsafmælið!“

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HEITASTA ÁSTARSAGAN

## BÓKIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM




Komin í verslanir

40 milljón konur geta ekki haft rangt fyrir sér

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*



**REBEKKA ÞRÁINSDÓTTIR** aðjúnkt í rússnesku við Háskóla Íslands, flytur í dag erindi sem ber heitið „Pussy Riot og myndin af Rússlandi“ í Öskju, stofu 132, frá kl. 12.25 til 13.10. Í erindinu verður fjallað um Pussy Riot, forsögu hópsins og starfsemi og velt upp spurningum á borð við hvert erindi hópsins sé, í hverju gagnrýni hans felist og hvort sú gagnrýni skili sér á rétta staði.

# Ráðstefna um kvennaheimspeki

Norræn samtök kvenheimspekinga gangast fyrir ráðstefnu um femíníska heimspeki og áhrif hennar á heimspekina í Þjóðminjasafninu á föstudag og laugardag. Ráðstefna Norrænna samtaka kvenheimspekinga í samstarfi við Heimspekistofnun og EDDU-öndvegissetur Háskóla Íslands verður haldin í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins dagana 7. og 8. september. Lykilfyrirlesarar verða Sally Haslanger og Linda Martín Alcoff sem hafa vakið athygli fyrir skrif sín um stofnanamenningu, innihald og stíla heimspekinnar, sem og fyrir frumkvæði í þá veru að bæta stöðu kvenna og minnihlutahópa í heimspeki.

Í fréttatilkynningu segir: „Femínísk heimspeki hefur orðið að frjórri grein innan vestrænnar heimspeki á undanförnum áratugum. Hún hefur gagnrýnt kanónu heimspekinnar og grundvallarhugtök hennar um mann og veruleika. Femínísk þekkingarfræði, siðfræði, fagurfræði og frumspeki hafa getið af sér auðugri skilning á þekkingarverunni, siðaverunni, skyn- og líkamsverunni. Fortíð og nútíð heimspekinnar sem fræðigreinar birtast í nýju ljósi. Þrátt fyrir þetta er hlutfall kvenna og minnihlutahópa meðal kennara og nemenda hvað lægst í heimspeki í samanburði við aðrar greinar hugvísinda og vísinda almennt. Er skýringin sú að femínískar nálganir eru enn lítt viðurkenndar innan greinarinnar? Eða er þörf á að grafa dýpra til að skilja viðnám heimspeki gagnvart breytingum í þessu tilliti?“



**FEMÍNÍSK HEIMSSPEKI** Ráðstefnan fer fram á föstudag og laugardag í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins.

Skipuleggjendur ráðstefnunnar eru þær Ásta Sveinsdóttir, San Francisco State University/Háskólinn á Bifröst, Eyja Margrét Brynjarsdóttir, Salvör Nordal og Sigríður Þorgeirsdóttir, Háskóla Íslands.



**KEITH OATLEY** Segir sálfræðinga lengi hafa goldið varhug við skáldskap en þar geti þeir hins vegar komist í tæri við tilfinningar og geðshræringar sem rannsóknarstofan bjóði ekki upp á. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Skáldskapur bætir heiminn

**Sálfræðingurinn Keith Oatley hefur getið sér orð fyrir rannsóknir á áhrifum bóklesturs á líf fólks. Hann segir rannsóknir sýna að skáldskapur sé til þess fallinn að auka skilning á öðru fólki og geti reynst afar gagnlegur fyrir sálfræðinga.**

Keith Oatley, sálfræðingur og rithöfundur, heldur opinn fyrirlestur á Háskólatorgi við Háskóla Íslands í dag, sem ber heitið „Emotions in history, in relationships, and in literature“ (Geðshræringar í sögu, tengslum manna á milli og bókmenntum).

Oatley, sem er enskur að uppruna en prófessor emeritus við Háskólann í Toronto, er ekki síst þekktur fyrir rannsóknir sínar og skrif um geðshræringar og tilfinningar. Hann segir að nútímarannsóknir setji á oddinn að kostir geðshræringa í samskiptum manna séu megingrundvöllur samfélags. Í rannsóknum á bókmenntum séu geðshræringar líka lykilatriði og það hafi því reynst auka skilning manna á öðrum ef þeir lesa skáldskap.

„Lengi vel hnussuðu sálfræðingar út í skáldskap og bókmenntir,“ segir Oatley, „hann væri ekki mælanlegur og bara tilbúningur. Sálfræðingar eiga til að rannsaka fólk utan frá,“ segir Oatley. „Sálfræðitilraunir ganga oft út á að fá fólk inn á rannsóknarstofu, sýna því myndir af skjá eða eitthvað álíka og sjá hvernig það bregst við. Það hefur verið haft fyrir satt um aldir alda að það sé okkur hollt að lesa skáldskap. Eftir að hafa breytt þeirri fullyrðingu í spurningu og lagt hana við fræðilega mælistiku, reyndist það vera rétt.“

## Flughermir hugans

En í hverju er gagnsemi skáldskapar fólgin? „Þar kemur tvennt til. Annars vegar gerir skáldskapur okkur kleift að skilja fólk betur innan frá; þegar maður samsamar sig með sögupersónu fær maður hugmynd um hvernig það er að vera sú persóna. Hins vegar gerir skáldskapur sálfræðingum kleift að skilja tilfinningar og geðshræringu við ólíkar aðstæður. Þær tilfinningar sem sálfræðingar geta rannsakað upp á eigin spýtur eru takmarkaðar. Í skáldskap höfum við hins vegar allan tilfinningaskalann sem maðurinn hefur upplifað og skrifað um og það breikkar allt sviðið.

Líkjum þessu við flugnám. Sá sem lærir að fljúga ver að öllum líkindum talsverðum tíma í flughermi; hann fer aldrei af jörðinni en upplifir alls kyns aðstæður. Lendi hann aftur í þeim aðstæðum á raunverulegu flugi hefur hann einhverja reynslu og betri hugmynd um hvernig eigi að bregðast við. Skáldskapur er flughermir hugans. Því meiri skáldskap sem maður les því víðfeðmari tilfinningum og geðshræringum kynnist maður og áhrifum þeirra á athafnir fólks og samskipti og lærir af því.“

## Stuðlar að umhyggjusamara samfélagi

Hvað sem áhyggjum af dvínandi lestri líður hefur skáldskapur sjálfsagt aldrei verið jafn útbreiddur og nú á dögum í gegnum sjónvarp og kvikmyndir. Má draga þá ályktun að íbúar jarðar hafi aldrei haft betri skilning hver á öðrum en nú?

„Já, ég vil halda það. Fyrir 150 árum höfðu fæstir hugmynd um hvað fólk í fjarlægum löndum hafði fyrir stafni. Rithöfundar og blaðamenn, gerum ekki lítið úr áhrifum þeirra, hafa hins vegar sagt okkur frá hvað er á seyði í fjarlægum deildum jarðar. Við lesum fréttir, sjáum myndir eða lesum bækur sem gerast í til dæmis Sýrlandi eða Afganistan og erum því betur í stakk búin til að setja okkur í spor fólks þar og finna til hluttekningar.“

En er þar með sagt að skáldskapur geri heiminn að betri stað? „Á heildina litið held ég að hann geri það. Hugsum þetta til dæmis út frá plúralisma: Öll erum við föst inni í eigin höfði en ef við höfum tækifæri til að prófa á einhvern hátt hvernig það er að tilheyra öðru samfélagi, kyni eða menningarkima er það líklegt til að auka hjá manni samkennd og hluttekningu. Á hinn bóginn eru auðvitað líka til hrappar sem nýta sér þekkingu á tilfinningum og geðshræringum í illum tilgangi og til að ráðskast með aðra. En almennt held ég að þessi þróun stuðli að umhyggjusamara þjóðfélagi þar sem fólk sýnir hvert öðru samhug, því það getur sett sig í spor annarra.“

Fyrirlestur Oatley fer fram í stofu 104 á Háskólatorgi frá klukkan 11.40 til 13.10 í dag og er öllum opinn. Nánari upplýsingar um Keith Oatley og rannsóknir hans er að finna á heimasíðu hans: Sites.google.com/site/keithoatleyhomepage.

bergsteinn@frettabladid.is

### LÍTILL MUNUR Á BÓKUM OG KVIKMYNDUM

Þótt rannsóknir Oatleys hafi fyrst og fremst beinst að bókmenntum, segir hann skáldskap í kvikmyndum og sjónvarpi gera sama gagn.

„Samstarfskona okkar frá Norður-Karólínu hefur komist að því að munurinn á milli þess að lesa skáldskap eða horfa á hann er sáralítill. En það virðist skipta máli hvers konar skáldskap við horfum á eða lesum. Ástarsögur, spennusögur eða fjölskyldudrama virðast hjálpa okkur að skilja aðra en ekki vísindaskáldskapur; hann er frekar til þess fallinn að stuðla að skilningi manns á tækni. Þetta er spurning um sérhæfingu. Ef maður vill fræðast um genafræði les maður bækur um genafræði. Vilji maður fræðast um hinn félagslega heim er gott að lesa skáldskap.“




Allt í myrkri?

Snemma á morgnana og á nóttinni dreifa 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu til lesenda.

Hvernig er aðkoman að póstlúgu á þínu heimili?

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu til þín þarf lýsing að vera til staðar. Höfum ávallt kveikt á útiljósum og sjáum til þess að aðgengi að póstlúgu sé viðunandi.

Póstdreifing

Sími: 585 8300 www.postdreifing.is

Við bjóðum 20% af bíómiðanum og meira popp og gos

Þegar þú greiðir með Stúdentakorti Íslandsbanka í Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói Akureyri færðu stórt gos og popp á verði miðstærðar og 20% afslátt af bíómiðanum – alla daga.

*Sjáðu nánari upplýsingar um námsvild á islandsbanki.is*




www.facebook.com/Islandsbanki.Namsmenn

*Afslátturinn gildir hvorki með öðrum tilboðum né á sýningar í lúxussölum.

Við bjóðum góða þjónustu

Íslandsbanki

Bækur ★★★★☆

**Reglur hússins**
Jodi Picoult

**JPV-útgáfa**



## Hvenær drepur maður mann …

Jodi Picoult er ekki auðveldur höfundur aflestrar eins og þeir sem lesið hafa þær þrjár bækur hennar sem út hafa komið á íslensku þekkja. Viðfangsefnin sem hún velur sér eru erfið og neyða lesandann til að taka afstöðu til hluta sem hann kærir sig ekkert endilega um að vita af. Allar lýsa þær átökum barna og foreldra í óvenjulegum aðstæðum og Reglur hússins er engin undantekning þar á.

Jacob Hunt er átján ára drengur með Asperger-heilkenni sem hefur áráttukenndan áhuga á vettvangi glæpa. Móðir hans hefur lagt allt í sölurnar til að Jacob geti átt sem eðlilegast líf og bitnar það illilega á yngri bróðurnum Theo. Þegar Jacob er handtekinn fyrir morð stendur móðirin frammi fyrir því að þurfa að horfast í augu við að árátta sonarins hafi leitt hann yfir strikið. En er unglingur með áráttu dæmanlegur eftir sömu lögum og „eðlilegur" unglingur? Og getur það verið að Jacob, sem aldrei segir ósatt, sé að ljúga að móður sinni og lögreglunni?

Sagan er til skiptis sögð út frá sjónarhóli Jacobs, Emmu móður hans, Theos bróður hans, lögfræðingsins sem ver hann án þess að trúa á sakleysi hans og lögreglumannsins sem handtekur hann. Hvert þeirra sér málsatvik með sínum augum og lesandanum er gjörsamlega ómögulegt að gera sér grein fyrir því hvort Jacob hafi framið morðið eða ekki.

Það er þó ekki aðalatriði í frásögninni, þótt vissulega skapi það spennu sem knýr söguna áfram, heldur er hér fjallað um einhverfu og Asperger-heilkenni á einstaklega næman en um leið óvæginn hátt og endalaust varpað fram spurningunni um það hvar mörkin milli eðlilegrar framkomu, hræsni og áráttuhegðunar liggi.

Persónurnar eru allar vel skrifaðar og lesandinn hefur skilning á erfiðum aðstæðum þeirra og samúð með þeim öllum. Manni finnst maður þekkja þetta fólk og í gegnum söguna skilur maður smám saman sjónarmið hvers og eins þótt ólík, og á köflum ósamræmanleg, séu.

Picoult er enginn meistarastílisti, en textinn er á góðu og eðlilegu máli í þýðingu Magneu J. Matthíasdóttur og rennur prýðilega. Það er hins vegar sagan sjálf, hinar siðferðilegu spurningar og átakanleg barátta þess sem er öðruvísi við kerfi hinna „eðlilegu" sem heillar lesandann upp úr skónum og veldur því að það er nánast ógjörningur að leggja bókina frá sér fyrr en eftir síðasta punkt.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Sterk og áhrifarík saga sem skýrir vel sjónarmið og heimsmynd fólks með Asperger-heilkenni en vekur um leið erfiðar spurningar sem leita á lesandann löngu eftir að lestri lýkur.

# Skáldskapur Mazen Maarouf

Í september 2012 rennur tími heimsbókmenntanna upp í Bókmenntaborginni Reykjavík. Boðið verður upp á röð viðburða sem eru helgaðir bókmenntum frá ólíkum heimshornum út mánuðinn.

Fyrsti viðburðurinn verður í aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur á morgun klukkan 17. Þar ræðir rithöfundurinn Sjón við palestínska skáldið Mazen Maarouf um höfundarferil og verk hans. Hjalti Rögnvaldsson les upp ljóð eftir Mazen í þýðingum íslenskra skálda og sjálfur les Mazen ljóð sín á arabísku. Við sama tækifæri verður opnuð sýning á málverkum Mazens á bókatorgi Borgarbókasafns, en hann málar myndir á striga samhliða skrifum sínum. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.

Mazen er gestarithöfundur í Reykjavík á vegum Reykjavíkurborgar og ICORN, International Cities of Refuge.



**SKÁLD SPJALLA** Sjón ræðir við Mazen Maarouf um verk hans og feril í Borgarbókasafninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 05. september**

**➜ Opnanir**

**17.00** Útilistaverkið Tvísöngur verður opnað fyrir almenningi í Þófunum við Seyðisfjarðarkaupstað. Verkið er hljóðskúlptúr eftir þýska listamanninn Lukas Kühne.

**➜ Sýningar**

**10.00** Ljósmyndasýning Einars Jónssonar, Utan Hringbrautar, verður opnuð í kaffihúsi Gerðubergs.

**➜ Uppistand**

**22.00** Beggi blindi, Björk Jakobs og Daníel Geir Moritz, fyndnasti maður Íslands, koma fram á fyrsta kvöldi uppistandsseríu á Gullöldinni í Grafarvogi. Aðgangur er ókeypis.

**➜ Tónlist**

**17.30** Sópransöngkonan Hulda Björg Garðarsdóttir flytur íslenskar einsöngsperlur sem eru okkur öllum vel kunnar í Salnum, Kópavogi, og er aðgangseyrir kr. 1.500 á staka tónleika.

**21.00** Herra Halli heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Janis Carol Nielsson ásamt hljómsveit flytur djasstónlist á Café Rosenberg.

**➜ Fyrirlestrar**

**20.30** Erla Karlsdóttir, doktorsnemi í heimspeki, heldur fyrirlestur undir yfirskriftinni Til hvers feminík heimspeki? Fyrirlesturinn fer fram í ReykjavíkurAkademíunni Hringbraut 121 (4. hæð).





**Viðskiptavinir Íslandsbanka fá 25% afslátt á Gulleyjuna**. Gulleyjan er ævintýraleg sýning fyrir alla fjölskylduna, full af galdri, gulli, græðgi, bardögum, blekkingum, talandi páfagaukum og kostulegum persónum.

**Tilboðið gildir á fyrstu 15 sýningarnar.**
Greiða skal með greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr í miðasölu Borgarleikhússins, í síma 568 8000 eða á midasala@borgarleikhus.is til að fá afsláttinn. Tilboðið gildir ekki í netsölu.

Borgarleikhúsið

**Leikstjóri**
Sigurður Sigurjónsson

**Leikgerð**
Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson

**Tónlist**
Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

**Leikendur**
Björn Jörundur Friðbjörnsson, Kjartan Guðjónsson, Þórunn Erna Clausen, Sigurður Þór Óskarsson, Álfrún Örnólfsdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Theodór Júlíusson, Hallgrímur Ólafsson, Guðmundur Elías Knudsen og Arnar Orri Arnarsson.

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



**8000** **ÝMSAR BAKTERÍUR** geta leynst í grænmetisskúffu ísskápa samkvæmt rannsókn á vegum Microban Europe. Það er því um að gera að þrífa og hreinsa til í skúffunum reglulega til að koma í veg fyrir matareitranir og bakteríubombur.




## INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhús
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101



## FYRSTA ÆFINGIN

Fyrsta æfing vetrarins í fullorðinsfimleikum Fjölnis var haldin í byrjun vikunnar og mættu þangað um þrjátíu manns, bæði karlar og konur. Karen Jóhannsdóttir er þjálfari þar og segir hún fólk oft koma sjálfu sér á óvart með getu sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fullorðnir fara í heljarstökk

**Marga dreymir um að komast í heljarstökk, flikkflakk og splitt en telja alla von úti sökum aldurs. Sú er þó síður en svo raunin.**

„Fullorðinsfimleikar eru bæði fyrir byrjendur og þá sem eru að rifja upp gamla takta. Það eru engar kröfur um getu heldur fer fólk þetta bara á sínum hraða," segir Karen Jóhannsdóttir, fimleikaþjálfari hjá Fjölni.

Karen segir fullorðinsfimleikana leggja áherslu á styrk, þol og það að hafa gaman. „Þetta er oft eina líkamsræktin sem fólk stundar svo við pössum upp á að hafa sitt lítið af hverju. Mestu máli skiptir samt að fólk skemmti sér vel," segir hún.

Fullorðinsfimleikarnir hjá Fjölni byrjuðu af alvöru síðasta vetur og varð strax sprenging í aðsókn. Stór hluti þess hóps er mættur aftur til leiks þennan veturinn. „Það kemur fólki oft mjög á óvart hvaða árangri það nær, þrátt fyrir aldur og fyrri störf. Í fyrra voru margir sem byrjuðu hjá okkur sem hafði dreymt um að komast í handahlaup eða heljarstökk í mörg ár og voru að ná því með glæsibrag í lok vetrar. Það kom þeim sjálfum hvað mest á óvart," segir Karen og hlær. Hún segir skemmtilegt að fylgjast með fólki láta æskudrauminn rætast. „Það var ein kona í fyrra sem fór í heljarstökk og öskraði af gleði þegar hún lenti standandi í fyrsta skipti," rifjar hún upp. Fyrsta æfing vetrarins var haldin nú á mánudag og mættu þangað um þrjátíu manns en tímarnir eru opnir fyrir alla 18 ára og eldri, bæði karla og konur.

Fjölnir er ekki eina íþróttafélagið sem býður upp á fullorðinsfimleika því flest íþróttafélög eru farin að bjóða upp á þá. Sæunn Viggósdóttir, íþróttafulltrúi hjá Glímufélaginu Ármanni segir einnig hafa verið um þrjátíu manns á fyrstu æfingu á mánudaginn. „Við höfum boðið upp á fullorðinsfimleika lengi vel en gríðarleg uppsveifla hefur þó verið síðustu ár," segir hún.

Fleiri íþróttafélög sem bjóða upp á fullorðinsfimleika eru til dæmis Gerpla, Björk, Grótta og Fimleikafélag Akureyrar, en samkvæmt óformlegri könnun má gera ráð fyrir að iðkendur hérlendis hlaupi á hundruðum. tinnaros@frettabladid.is

### FULLORÐNIR DANSA EINNIG BALLETT

Ballett er önnur íþrótt sem oft er talin eiga frekar upp á pallborðið hjá yngri kynslóðinni en fullorðinsballett hefur verið að ryðja sér rúms á undanförnum árum. Að sögn Ástu Björnsdóttur, skólastjóra Ballettskóla Sigríðar Ármann, er eftirspurnin gríðarleg og mikið til mæður barna úr ballettskólanum sem skrái sig, eða fyrrum nemendur. „Svo er líka fullt af konum sem hafa bara aldrei stigið ballettspor á ævinni," segir hún. Það eru bara konur sem sækja tímana þar enn sem komið er, en Ásta segir karlmenn þó meira en velkomna.

Ballettskóli Eddu Scheving er meðal þeirra sem einnig bjóða upp á fullorðinsballett. Þar er þó ekki aðeins um klassískan ballett að ræða því nú í vetur hófu þau svokallaða ballett-fitness tíma fyrir fullorðna þar sem klassíkinni er blandað saman við N.Y. City Ballet Workout og jóga.

# MÁLSTOFA

Í tilefni útgáfu bókarinnar *23 atriði um kapítalisma sem ekki er sagt* frá mun höfundur hennar, hagfræðingurinn Ha-Joon Chang, halda erindi í

**Lögbergi, stofu 101, fimmtudaginn 6. september kl. 14.**




Fundarstjóri:
BJÖRN ÞORSTEINSSON
heimspekingur

VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



**SÓLIN** Sólarljósið eykur myndun D-vítamíns.

# Meira D-vítamín

**HEILSA** D-vítamín gæti hjálpað líkamanum að berjast gegn berklum. Þetta kemur fram í rannsókn vísindamanna við National Academy of Science í London.

Í frétt BBC sagði að hátt í 1,5 milljónir manna deyi árlega vegna berkla og uppi eru efasemdir um að hægt sé að lækna sum tilfellin. Samkvæmt rannsókninni voru þeir sjúklingar fljótari að jafna sig sem fengu D-vítamín og sýklalyf. Notkun D-vítamíns í meðferð gegn berklum nær langt aftur í tímann þegar leitað var að góðum aðferðum til að berjast gegn þessari skæðu lungnasýkingu. Áður en sýklalyf voru fundin upp voru sjúklingar látnir liggja í sólbaði eða settir í annars konar ljósameðferð til að örva myndun D-vítamíns í húðinni.

# Matargikkurinn Taylor

**MATUR** Leikkonan Elizabeth Taylor átti það til að borða hina undarlegustu rétti í þeim tilgangi að halda líkamsvexti sínum og heilsu.


ELIZABETH TAYLOR

Réttirnir sem leikkonan snæddi áttu það sameiginlegt að vera furðulega samsettir og lítt lystugir. Hún borðaði til að mynda gjarnan kotasælu sem var hrært út í sýrðan rjóma, samlokur með nautakjöti og hnetusmjöri og í morgunmat fékk hún sér aðeins þurrt, ristað brauð.

Mataræðið virðist þó hafa haft tilskilin áhrif því leikkonan þótti lengi vel ein glæsilegasta kona heims.

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# MAZDA2
## TAKARA EDITION

Takara er japanskt orð yfir fjársjóð. Takara sérútgáfan er sparneytinn, hagkvæmur lúxus borgarbíll. Tékkaðu á hagstæðu verði, lágum rekstrarkostnaði og lítilli eyðslu. Þú sérð að Mazda2 Takara er fjársjóðsfundur. Prófaðu og gerðu samanburð. Mundu að Mazda er frábær í endursölu. Gerðu góð kaup núna.




Á meðal búnaðar eru álfelgur 15", rafdrifnar rúður framan og aftan, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu leðurstýri, akstursölva ásamt mörgu fleiru.

EURO NCAP FOR SAFER CARS
www.euroncap.com
ADULT OCCUPANT ★★★★★

**MAZDA2 TAKARA EDITION KR: 2.290.000,-**

MAZDA.IS

*Eldsneytisnotkun í langkeyrslu er 4,3 l/100 km, í blönduðum akstri 5,0 l/100 km, innanbæjarakstri 6,2 l/100 km. $CO_2$-losun er 115 g/km. Frítt í stæði í 90 mínútur hjá Reykjavíkurborg. Orkuflokkur. A

Opið virka daga kl. 09.00 - 17.00, laugardaga kl. 12.00 - 16.00.
Aukin þjónusta. Varahlutaverslun opin laugardaga frá 12-16.

brimborg



JAKOB JÓHANN SVEINSSON
SUNDMAÐUR



ÍSLENSKA SIA.IS MSA 60938 09.2012
HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
PRÓTEIN
22g
NÝTT
100% HÁGÆÐA PRÓTEIN
SÚKKULAÐIBRAGÐ
NÝTT!
HLEÐSLA MEÐ SÚKKULAÐIBRAGÐI
KJÖRIN EFTIR GÓÐA ÆFINGU EÐA BARA Í DAGSINS ÖNN.
HÚN ER GÓÐUR KOSTUR MILLI MÁLA OG ER RÍK AF PRÓTEINUM.
HENTAR FLESTUM ÞEIM SEM HAFA MJÓLKURSYKURSÓÞOL.
2.0m
HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100%
HÁGÆÐA
PRÓTEIN



**NÓG AÐ GERA** Baldur Ragnarsson hefur haft í nógu að snúast á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# LÝTUR SÖMU LÖGMÁLUM

**Baldur Ragnarsson kemur að gerð fjögurra platna á þessu ári. Hann vílar ekki fyrir sér að tækla jafnt barnatónlist sem bárujárnsrokk og ýmislegt fleira.**

„Þetta hittist einhvern veginn þannig á að það var nóg til af efni á ansi mörgum vígstöðvum og það bara small allt saman,“ segir Baldur Ragnarsson.

Hann kemur að gerð fjögurra platna á þessu ári. Þrjár þeirra eru þegar komnar út, eða með Dætrasonum, Innvortis og leikhópnum Lottu sem gaf út Stígvélaða köttinn. Sú fjórða kemur út 26. október með þungarokkurunum í Skálmöld. Baldur útilokar ekki að senda meira efni frá sér á árinu, hugsanlega sólóplötu. „Það er aldrei að vita nema maður hendi í eina síðla árs. Maður getur ekkert stoppað þegar maður er kominn á bragðið. Maður á tugi af lögum og þarf að fara að hreinsa þetta út.“

Baldur er einnig tónlistarstjóri Dýranna í Hálsaskógi ásamt Gunnari Ben, félaga sínum úr Skálmöld. Leikritið verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu kl. 14 næsta laugardag. Önnur sýning verður kl. 17 sama dag en um kvöldið taka þeir þátt í tónlistarhátíðinni Rokkjötnar í Kaplakrika með Skálmöld. „Þetta verður drjúgur dagur. Maður kemur fram fyrir alla þjóðfélagshópa á einum degi.“ Aðspurður býst Baldur ekki við að eiga í vandræðum með að koma sér í rokkgírinn eftir barnasýninguna. „Maður þarf alltaf að vera með fulla orku í því sem maður gerir, það þarf bara að beisla hana á annan máta. Hvort sem það heitir barnaleikrit eða þungarokk, þá skiptir það engu máli. Það lýtur allt sömu lögmálum.“

freyr@frettabladid.is



**ÞÆR** Bryndís Gyða Michelsen og Kidda Svarfdal verða pistlahöfundar á Hún.is ásamt Kristrúnu Ósp Barkardóttur. Gestapennar leggja líka sitt af mörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Með aðrar áherslur

„Við erum allar flottar konur og miklar týpur með sterkar skoðanir. Á síðunni verður að finna eitthvað fyrir alla, þó við einbeitum okkur fyrst og fremst að konum,“ segir Bryndís Gyða Michelsen. Hún, ásamt þeim Kristrúnu Ósp Barkardóttur og Kiddu Svarfdal, stendur fyrir vefsíðunni Hún.is sem verður opnuð þann 14. september.

Ný síða þeirra stúlkna kann við fyrstu sýn að virðast svipuð og konusíður eins og Bleikt.is, Femin.is og Siggalund.is en Bryndís Gyða segir þær verða með aðrar áherslur á síðunni sinni. „Það verða nokkur atriði þarna sem eru allt öðruvísi en á öðrum síðum. Við verðum með blöndu af efni og alls konar konuráð, umfjallanir frá sérfræðingum, viðtöl og pistla,“ segir hún. Meðal þess sem tekið verður fyrir á síðunni verða mál er varða móðurhlutverkið en bæði Kidda og Kristrún eru mæður. „Kristrún er til dæmis nýbökuð móðir og hún ætlar að vera með pistla um alls konar hluti sem tengjast því en það eru margar ungar mæður þarna úti sem hafa gagn og gaman af þess konar pistlum,“ segir Bryndís.

- trs



KRISTRÚN ÓSP

# Náði sér ekki eftir áfallið

Leikarinn Michael Clarke Duncan lést á mánudaginn. Duncan er hvað þekktastur fyrir leik sinn í kvikmyndinni The Green Mile.

Duncan fékk hjartaáfall í júlí og gekkst undir fjölda læknisaðgerða í kjölfarið. Unnusta hans, Omarosa Manigault-Stallworth, sagði leikarann aldrei hafa náð sér eftir hjartaáfallið. „Ég er eyðilögð. Hann var ástin í lífi mínu,“ sagði Manigault-Stallworth í viðtali við Radaronline.com.

Duncan var 54 ára gamall er hann lést og var Tom Hanks á meðal þeirra er minntust Duncans á Twitter í gær.



**LÁTINN** Leikarinn Michael Clarke Duncan lést á mánudag. NORDICPHOTOS/GETTY


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — LAUGARÁS BÍÓ — 5% — www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

POWERSÝNING KL. 10.10 — EXPENDABLES 2 — TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG! — 16
60.000 MANNS! — ÍSL TEXTI — Intouchables — 12
ÍSLENSKT TAL! — PARANORMAN — 7
THE WATCH — 12

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | 6, 8, 10.10(P) | 16 |
| THE WATCH | 10.45 | 12 |
| PARANORMAN 3D | 6 | 7 |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8, 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is

“INSANELY FUNNY. BEST COMEDY OF THE YEAR! DAX SHEPARD & KRISTEN BELL ARE MAGIC. BRADLEY COOPER IS RIDICULOUSLY HILARIOUS.” HIT&RUN — FRÁ FRAMLEIÐENDUM „WEDDING CRASHERS“ KEMUR FRÁBÆR GRÍN SPENNUMYND ! BRADLEY COOPER ÚR HANGOVER FER Á KOSTUM. — 12

MBL — KVIKMYNDIR.IS — SÉÐ OG HEYRT — HOLLYWOOD REPORTER — STÆRSTA MYND SUMARSINS — YFIR 62.000 GESTIR — „Maður verður að sjá þessa mynd aftur.“ — THE DARK KNIGHT RISES — STÆRSTA MYND WB ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI — 12

STEP UP REVOLUTION — BESTA MYNDIN Í SERÍUNNI TIL ÞESSA — MÖGNUÐ DANSATRIÐI! — VINSÆLASTA DANSSERÍA ALLRA TÍMA — 7
Time Entertainment — Guardian — Frá Framleiðendum Toy Story 3, Finding Nemo og Up. — BRAVE — L
FRÁBÆR GRÍNMYND — babymakers — 12

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HIT AND RUN VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| BABYMAKERS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLU.. | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 3D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10 | 2D | 12 |
| THE BABYMAKERS | KL. 10 | 2D | 12 |
| TOTAL RECALL | KL. 10 | 2D | 12 |
| STEP UP: REVOLUTION | KL. 5:40 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:30 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| BABYMAKERS | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 5:30 - 9 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOL... | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND... | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 8 | 2D | 12 |
| BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL. TALI | KL. 6 | 3D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND... | KL. 10:10 | 2D | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ — EXPENDABLES 2 — LÚXUS — 16 — TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is
HÁSKÓLABÍÓ — Ávaxtakarfan
THE WATCH — 12 — 60 ÞÚSUND GESTIR — Intouchables — L — TOTAL RECALL — 12 — ÍSÖLD 4 — L

| SMÁRABÍÓ (GLERAUGU SELD SÉR) 5% | | |
|---|---|---|
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 3.50 - 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | KL. 5.45 / 2D KL. 3.30 | 7 |
| TOTAL RECALL | KL. 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 / 3D KL. 3.40 - 5.40 | L |
| TED | KL. 8 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 10.20 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) 5% | | |
|---|---|---|
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

| BORGARBÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS

ÞAU BREYTTU SÖGU DANMERKUR AÐ EILÍFU! STÆRSTA MYND DANA Á ÞESSU ÁRI — KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE)

MIÐVIKUDAGUR: KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE) 17:20, 20:00, 22:40 ■ ELLES (ÞÆR) 17:50, 20:00, 22:10 ■ TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR) 18:00, 22:10 ■ HRAFNHILDUR 18:00, 20:00 ■ BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS) 22:00 ■ VEST-NORRÆN HÁTÍÐ 20:00

FRÁBÆRT HAUST FRAMUNDAN Í BÍÓ PARADÍS!

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.


KVIKMYND EFTIR REYNI LYNGDAL
FROST
FRÝS Í ÆÐUM BLÓÐ
FRUMSÝND EFTIR 2 DAGA!
07.09.2012
BJÖRN THORS ANNA GUNNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR HILMAR JÓNSSON HALLUR INGÓLFSSON VALUR FREYR EINARSSON HELGI BJÖRNSSON
FRAMLEIÐSLUSTJÓRN BIRNA PAULINA EINARSDÓTTIR BÚNINGAR MARGRÉT EINARSDÓTTIR HÁR & FÖRÐUN KRISTÍN JÚLÍA KRISTJÁNSDÓTTIR HLJÓÐUPPTAKA ÁRNI GÚSTAFSSON ÁRNI BENEDIKTSSON HLJÓÐHÖNNUN HULDAR FREYR ARNARSON ARNÞÓR ÖRLYGSSON
LEIKMYNDAHÖNNUN HÁLFDÁN PEDERSEN KLIPPING EVA LIND HÖSKULDSDÓTTIR EYRÚN HELGA GUÐMUNDSDÓTTIR KVIKMYNDATÓNLIST BEN FROST KVIKMYNDATAKA ÁGÚST JAKOBSSON (ÍKS) MEÐFRAMLEIÐENDUR MARKUS SELIN JUKKA HELLE KARLA STOJÁKOVÁ GÍSLI GÍSLASON ÞÓR ÓMAR JÓNSSON
LJÓSMYNDIR RAGNAR AXELSSON BJARNI GRÍMSSON FRAMLEIÐENDUR JÚLÍUS KEMP INGVAR ÞÓRÐARSON HANDRIT JÓN ATLI JÓNASSON LEIKSTJÓRN REYNIR LYNGDAL
ICELANDIC Film Centre Kvikmyndamiðstöð Íslands
SOLAR FILMS INC.
Kvikmyndafélag Íslands ehf.
Axman Production
CINTAMANI
ysland
KISI

# sport

sport@frettabladid.is



**MARGRÉT KARA STURLUDÓTTIR** mun ekkert leika með KR í Dominos-deild kvenna í vetur sökum þess að hún er ófrísk. Þetta er mikið áfall fyrir KR-liðið enda hefur Kara verið einn sterkasti leikmaður deildarinnar undanfarin ár þrátt fyrir að vera aðeins 23 ára gömul.

## ÚRSLIT

### Pepsi-deild kvenna:

**KR-Afturelding 0-4**
0-1 Carla Lee (13.), 0-2 Lára Kristín Pedersen (28.), 0-3 Sigríður Þóra Birgisdóttir (37.), 0-4 Furtuna Velaj (79.)

**Valur-Breiðablik 0-4**
0-1 Björk Gunnarsdóttir (56.), 0-2 Fanndís Friðriksdóttir (57.), 0-3 Ingibjörg Sigurðardóttir (90.+2), 0-4 Ásta Eir Árnadóttir (90.+5).

**FH-Fylkir 3-1**
1-0 Aldís Kara Lúðvíksdóttir (12.), 2-0 Jóhanna S. Gústavsdóttir (47.), 2-1 Ruth Þórðardóttir (54.), 3-1 Aldís Kara Lúðvíksdóttir (75.)

**Stjarnan-ÍBV 1-3**
0-1 Soffía Gunnarsdóttir, sjm (15.), 0-2 Shaneka jodian Gordon (19.), 0-3 Kristín Erna Sigurlásdóttir (60.), 1-3 Harpa Þorsteinsdóttir (66.)

**Þór/KA-Selfoss 9-0**
1-0 Tahnai Annis (29.), 2-0 Sandra María Jessen (36.), 3-0 Sandra María Jessen (39.), 4-0 Kayle Grimsley (49.), 5-0 Þóra Margrét Ólafsdóttir, sjm (61.), 6-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (68.), 7-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (72.), 8-0 Sandra María Jessen (78.), 9-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (83.)
*upplýsingar um markaskorara að hluta til fengnar frá urslit.net.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þór/KA** | **17** | **13** | **3** | **1** | **51-15** | **42** |
| ÍBV | 17 | 11 | 2 | 4 | 50-22 | 35 |
| **Stjarnan** | **17** | **11** | **2** | **4** | **49-22** | **35** |
| Valur | 17 | 9 | 3 | 5 | 44-26 | 30 |
| **Breiðablik** | **17** | **8** | **4** | **5** | **40-21** | **28** |
| FH | 17 | 5 | 3 | 9 | 26-46 | 18 |
| **Selfoss** | **17** | **4** | **4** | **9** | **29-73** | **16** |
| Afturelding | 17 | 4 | 3 | 10 | 18-38 | 15 |
| **Fylkir** | **17** | **3** | **3** | **11** | **22-41** | **12** |
| KR | 17 | 1 | 5 | 11 | 17-41 | 8 |

**LOKAUMFERÐ DEILDARINNAR FER FRAM NÆSTA LAUGARDAG.**



**JÓHANN BIRNIR** Er enn ósáttur við framkomu Guðjóns Árna þó svo þeir hafi sæst. MYND/GUÐMUNDUR

Sættir hjá Jóhanni og Guðjóni:

## Fóru saman út að borða

**FÓTBOLTI** Upp úr sauð hjá æskufélögunum Jóhanni Birni Guðmundssyni, leikmanni Keflavíkur, og FH-ingnum Guðjóni Árna Antoníussyni í leik liðanna á mánudag.

Jóhann vandaði Guðjóni ekki kveðjurnar eftir leik og sagðist ekki ætla að bjóða honum í afmælið sitt. Hann sá eftir sumum þeirra orða síðar.

„Mig langar að biðja félaga minn og fyrrum liðsfélaga, Guðjón Árna Antoníusson, afsökunar á því að hafa ýjað að því að hann væri illa innrættur í viðtali við vefmiðla í gær. Orðin lét ég falla í miklu uppnámi, skömmu eftir leik FH og Keflavíkur, um atvik sem leiddi til þess að ég fékk að líta rauða spjaldið. Ég var og er vissulega sár og svekktur og afar ósáttur við framkomu hans í umræddu atviki en þykir miður ef orð mín skertu mannorð hans. Guðjón Árni er toppdrengur og það er aldrei að vita nema ég bjóði honum í afmælið mitt, haldi ég á annað borð upp á það,“ sagði Jóhann í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér.

Æskufélagarnir úr Garðinum grófu síðan stríðsöxina formlega í hádeginu í gær er þeir snæddu hamborgara saman. - hbg

# GÁFU SPEKINGUNUM LANGT NEF

**Þór/KA varð í gærkvöldi Íslandsmeistari í knattspyrnu þegar liðið lagði Selfoss á heimavelli, 9-0. Liðinu sem spáð var fimmta sæti fyrir tímabilið gaf gagnrýnendum langt nef og uppskeran fyrsti Íslandsmeistaratitill í sögu félagsins. Frábær stemning var á leiknum á Akureyri í gær og áhorfendur fengu algjöra veislu.**

**FÓTBOLTI** Óhætt er að segja að Þór/KA hafi tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn með stæl þegar Selfyssingar komu í heimsókn. Líkt og svo oft áður veltu menn vöngum hvort spútnikliðið myndi falla á prófinu þegar sjálfur titillinn væri í augsýn en þær vangaveltur voru tilgangslausar.

Norðanstelpur léku við hvurn sinn fingur fyrir framan troðfulla stúkuna á Þórsvelli. 9-0 sigur, þeirra stærsti í sumar, var sætur og fögnuður heimakvenna mikill í leikslok. Blys voru tendruð og flugeldar fóru á loft sem var vel í takt við gleðina sem ríkti á vellinum.

„Já, þetta eru tár,“ sagði Katrín Ásbjörnsdóttir framherji liðsins og hló að lokinni verðlaunaafhendingu. Katrín, sem skoraði þrennu í leiknum, sagðist ekki hafa átt von á neinu þessu líku þegar hún gekk til liðs við Þór/KA frá KR í vetur.

„Ég hef aldrei verið í liði með jafngóðan móral og hérna. Þetta smellpassaði allt saman. Þótt við séum ekki frábært lið á pappír skiptir það engu máli,“ sagði Katrín.

### Samheldnin hefur skilað þessum árangri

Hin 17 ára Sandra María Jessen skoraði einnig þrjú mörk og er á ný orðin markahæst í deildinni með 17 mörk. Sandra hefur hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína en lætur hana sem vind um eyru þjóta.

„Liðið hefur spilað frábærlega og mér finnst engin skara fram úr. Samheldnin hefur skilað þessum árangri,“ segir Sandra sem líkt og Katrín á eitt ár eftir af samningi sínum við félagið.

Frá því ÍA vann titilinn árið 1987 hafði titillinn ekki farið út fyrir höfuðborgarsvæðið. Fáir höfðu trú á að það myndi breytast í sumar en liðinu var spáð fimmta sæti deildarinnar af þjálfurum og fyrirliðum í aðdraganda leiktíðar.

„Við ætluðum að hafa Breiðablik og ÍBV fyrir neðan okkur en töldum að Stjarnan og Val væru mjög sterk lið sem yrði erfitt að eiga við,“ sagði Jóhann Kristinn Gunnarsson þjálfari liðsins um markmiðin fyrir leiktíðina. Um mitt mót hafi hann hins vegar áttað sig á því að liðið ætti alla möguleika á titlinum.

„Við settum okkur ný markmið – taka helvítis dolluna,“ sagði Jóhann Kristinn léttur og fór fögrum orðum um leikmenn félagsins



**SIGURGLEÐI** Hinir nýkrýndu Íslandsmeistarar dansa hér sigurdans á meðan stuðningsmenn lyfta blysum í tilefni þessa sögulega dags. MYND/AUÐUNN

þótt hann hafi rennt nokkuð blint í sjóinn á sínu fyrsta tímabili.

„Ég get viðurkennt það að ég átti von á hefðbundnu kvennaliði með meira veseni en karlamegin. Viljinn hjá stelpunum hefur verið svo mikill að þær taka mörgum karlaliðunum fram og það kom mér á óvart. Þær settu fótboltann í fyrsta sætið og ákváðu fyrir löngu síðan að fram til 8. september myndi annað mæta afgangi. Karlpungurinn sem situr heima, ferðalög eða hvað sem er,“ sagði Jóhann.

### Umfjöllunin var stórfurðuleg á tímum

Jóhann segir umfjöllun fjölmiðla um lið Þór/KA í sumar hafa verið skrítna og í raun hjálpað honum að mótivera liðið. Undir það tekur Karen Nóadóttir, miðjumaður liðsins.

„Umfjöllunin var stórfurðuleg á tímum. Inni í klefa erum við með risastórt útprentað eintak af grein úr Morgunblaðinu þess efnis að Þór/KA sé lið sem enginn skilji. Við höfum lesið þetta fyrir hvern leik síðan það kom út og það heldur okkur á tánum. Við erum búnar að sýna öllum á Íslandi að þetta er engin tilviljun. Við erum langbestar hvað sem hver segir,“ sagði Karen og enginn getur mótmælt því.

Norðankonur lentu endurtekið undir gegn „stóru liðunum“ í leikjum sínum í sumar en mörk mótherjanna virtust hreinlega kveikja á liðinu eða gefa því aukinn kraft. Liðið hefur aðeins tapað einum leik í sumar og skrifað nýjan kafla í sögu kvennaknattspyrnu á Íslandi. Bæjarbúar, sem fylltu stúkuna á Þórsvelli, geta verði stoltir af stelpunum sínum sem tróðu sokki í munn spámanna og spekinga og gáfu um leið bænum sínum bestu mögulegu gjöf á 150 ára afmælinu.

kolbeinntumi@365.is

> Þetta eru tár. Ég hef aldrei verið í liði með jafngóðan móral. Þetta smellpassaði allt saman.
>
> **KATRÍN ÁSBJÖRNSDÓTTIR**
> LEIKMAÐUR ÞÓRS/KA

Emil Hallfreðsson ánægður í herbúðum ítalska B-deildarliðsins Hellas Verona:

# Einn þriggja leikmanna sem mátti ekki selja

**FÓTBOLTI** Emil Hallfreðsson, landsliðsmaður í fótbolta, segist vera hæstánægður í herbúðum ítalska B-deildarliðsins Hellas Verona. Liðið var ekki langt frá því að komast upp í úrvalsdeildina í vor en það endaði í fjórða sæti eftir að hafa verið í toppbaráttu allt tímabilið og tapaði svo í undanúrslitum umspilskeppninnar.

„Við erum með mjög breytt lið frá síðasta tímabili enda sextán nýir leikmenn í liðinu og tólf sem fóru. Þetta er því í raun nýtt lið og er enn verið að stilla strengina saman. Við gerðum jafntefli í fyrstu tveimur leikjunum en fyrir fram vorum við taldir líklegastir til að fara upp ásamt einu öðru liði,“ sagði Emil fyrir æfingu landsliðsins á Laugardalsvelli í gær.

„Ég á von á því að þetta verði erfiður vetur. Serie B er þannig deild að allir geta unnið alla. Þetta verður mikil barátta og gaman að sjá hvernig þetta fer.“

Emil stóð sig vel á síðasta tímabili og var orðaður við nokkur önnur lið, til að mynda í ítölsku úrvalsdeildinni. Hann hélt þó kyrru fyrir í herbúðum Hellas Verona.

„Ég var víst ekki til sölu hjá félaginu. Það tók nýr forseti við félaginu og hann gaf það út að það væru þrír leikmenn sem mætti ekki fara – ég og tveir aðrir. Það var víst áhugi hjá einhverjum liðum en það kom ekki til greina að selja mig.“

Hann segist vera ánægður í Verónu. „Já, mjög ánægður. Það var svekkjandi að komast ekki upp fyrir en ég er ótrúlega sáttur við lífið og tilveruna. Ég hef ekki yfir miklu að kvarta.“ - esá



**ÁNÆGÐUR** Emil Hallfreðsson er í íslenska landsliðshópnum sem mætir Noregi á föstudag. NORDIC PHOTOS/GETTY


KSÍ
FORSALA Á MIDI.IS
TIL OG MEÐ 6. SEPTEMBER
FULLT VERÐ (ÞRJÚ SVÆÐI):
4.500 KR, 3.500 KR OG 2.500 KR
FORSÖLUVERÐ:
4.000 KR, 3.000 KR OG 1.500 KR
50% AFSLÁTTUR AF FULLU VERÐI
FYRIR 16 ÁRA OG YNGRI
UNDANKEPPNI HM 2014
ÍSLAND - NOREGUR
Á FÖSTUDAG KL. 18:45
STYÐJUM VIÐ BAKIÐ Á STRÁKUNUM!
ALLIR Á LAUGARDALSVÖLLINN!
Alltaf í boltanum með KSÍ
BORGUN
Lengjan
ICELANDAIR
Coca-Cola

> **Popptíví kl. 20.35**

**Breakout Kings**

***Dramatísk þáttaröð frá sömu höfundum og slógu í gegn með þáttaröðinni Prison Break. Þættirnir fjalla um sérsveit sem sett er saman til að elta uppi hættulega glæpamenn á flótta. Meðlimir sveitarinnar eru sjálfir dæmdir glæpamenn en fá styttri fangavist í skiptum fyrir að hjálpa yfirvöldum við að hafa hendur í hári flóttamanna.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR HLÆR MEÐ ELLEN

# *Dansandi kaldhæðni í sjónvarpssal*

Sambýlismaður minn ákvað einu sinni að gera mér þann grikk að telja fjögurra ára dóttur okkar trú um að spjallþáttur Opruh Winfrey væri minn uppáhaldsþáttur. Þannig að í hvert sinn sem sú stutta sá frú Winfrey á skjánum eða á prenti benti hún öllum sem vildu heyra að þetta væri uppáhaldsþáttur móður sinnar. Það var sambýlismanninum til mikillar skemmtunar og mér til ama því oftar en ekki hef ég fussað og sveiað yfir tilfinningaklámínu sem Winfrey bauð áhorfendum sínum upp á. Ástæða vanþóknunar minnar á þættinum var sú að að í hvert sinn sem ég slysaðist til að gjóa augunum í áttina að frú Winfrey fékk ég tár í augun, kökk í hálsinn og mikla þörf fyrir að fylla eldhússkápana af Tupperware. Þessi þáttur hafði eitthvað skrítið vald. Þess vegna hef ég óbeit á honum og grín sambýlismannsins féll í grýttan jarðveg.



Nú er frú Winfrey ekki lengur á skjánum en dansandi, kaldhæðni stuðpinninn Ellen DeGeneres hefur tekið við mér til mikillar gleði. Ellen er fyndin og fær fólk til að dansa. Hún er ekki gefandi heilu bílaflotana eða heimsreisurnar. Hún fær Youtube-snillinga í heimsókn, skýtur á fræga fólkið og er almennt í stuði. Ég hlæ í stað þess að fá kökk í hálsinn og dansa í stað þess að endurraða í eldhússkápana. Áfram Ellen.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Húslestrar á Listahátíð **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Eldhress í heila öld **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Donovan **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Folda **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.05 Ólympíumót fatlaðra:** Kraftlyftingar
**15.20 Ólympíumót fatlaðra:** Sund
**16.35 Herstöðvarlíf** (11:13) (Army Wives)
**17.20 Einu sinni var...lífið** (9:26)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Stjáni**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.29 Finnbogi og Felix**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Læknamiðstöðin** (9:22) (Private Practice V)
**20.50 Scott og Bailey** (4:8) Bresk þáttaröð um lögreglukonur í Manchester sem rannsaka snúin morðmál.
**21.40 Hestöfl** (4:6) (Hästkrafter) Röð stuttra sænskra þátta um gamla bíla.
**21.45 Sætt og gott** (Det søde liv)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Sumartónleikar í Schönbrunn 2012** (Sommernachtskonzert Schönbrunn) Upptaka frá tónleikum sem haldnir voru í garði Schönbrunn-hallar í Vínarborg 7. júní.
**23.55 Winter lögregluforingi – Herbergi 10** (3:8) (Kommissarie Winter) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.55 Kastljós** (e)
**01.20 Fréttir**
**01.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 King of California**
**10.00 10 Items of Less**
**12.00 Shark Bait**
**14.00 King of California**
**16.00 10 Items of Less**
**18.00 Shark Bait**
**20.00 Bourne Supremacy**
**22.00 Stig Larsson þríleikurinn**
**00.30 One Night with the King**
**02.30 Anna Nicole**
**04.00 Stig Larsson þríleikurinn**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (6:22)
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (138:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Community** (9:25)
**11.25 Better Of Ted** (7:13)
**11.50 Grey's Anatomy** (14:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (23:24)
**13.25 Borgarilmur** (5:8)
**14.00 Gossip Girl** (3:24)
**14.45 Týnda kynslóðin** (11:32)
**16.45 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (15:22)
**19.45 Modern Family** (16:24)
**20.05 2 Broke Girls** (18:24)
**20.30 Up All Night** (6:24) Gamanþættir með Christinu Applegate og Will Arnett í hlutverkum nýbakaðra foreldra.
**20.55 Drop Dead Diva** (1:13)
**21.40 True Blood** (7:12)
**22.35 The Listener** (6:13) Dulmagnaðir spennuþættir um ungan mann sem nýtir skyggnigáfu sína til góðs í starfi sínu sem sjúkraflutningamaður.
**23.20 Steindinn okkar** (2:8)
**23.45 The Closer** (17:21)
**00.30 Fringe** (11:22)
**01.15 Southland** (6:6)
**02.00 The Good Guys** (19:20)
**02.45 Undercovers** (5:13)
**03.30 2 Broke Girls** (18:24)
**03.50 Up All Night** (6:24)
**04.15 Drop Dead Diva** (1:13)
**05.00 Malcolm in the Middle** (15:22)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: Magdeburg - Hamburg**
**16.45 Pepsi-mörkin**
**18.00 Pepsi-deild kvk: Þór/KA - Selfoss**
**19.50 Þýski handboltinn: Magdeburg - Hamburg**
**21.10 Meistaradeild Evrópu: Bayern - Chelsea** Útsending frá úrslitaleiknum í maí.
**23.45 Eimskipsmótaröðin 2012**
**00.15 Spænsku mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.00 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**16.30 Newcastle - Aston Villa 18.20 Swansea - Sunderland**
**20.10 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.05 Sunnudagsmessan**
**22.20 West Ham - Fulham**
**00.10 Man. City - QPR**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Lína Langsokkur**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Disney Channel** Útsending frá barnarásinni Disney Channel.
**17.00 M.I. High**
**17.30 iCarly** (15:25)
**17.55 Tricky TV** (15:23)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það nýjasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**18.15 Glee** (15:22)
**19.00 Friends** (6:24)
**19.25 Simpson-fjölskyldan**
**19.50 American Dad** (3:19) Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a. kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**20.10 The Cleveland Show** (3:21) Skemmtilegir teiknimyndaþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar sem kemur fyrir í þeim þáttum.
**20.35 Breakout Kings** (3:13) Dramatísk þáttaröð. Bandarísk lögreglyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.
**21.45 American Dad** (3:19)
**22.10 The Cleveland Show** (3:21)
**22.35 Breakout Kings** (3:13)
**23.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.15 Doctors** (19:175)
**19.00 Ellen**
**19.45 Spurningabomban** (2:10)
**20.30 Steindinn okkar** (4:8)
**20.55 Curb Your Enthusiasm** (3:10)
**21.25 The Sopranos** (3:13)
**22.20 Ellen**
**23.05 Spurningabomban** (2:10)
**23.50 Steindinn okkar** (4:8)
**00.15 Doctors** (19:175)
**00.50 Curb Your Enthusiasm** (3:10)
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.40 How To Look Good Naked** (11:12) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 Ringer** (1:22) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (2:48) (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (2:25)
**19.55 Will & Grace** (10:24)
**20.20 Last Chance to Live** (2:6)
**21.10 My Bigger Fatter Gypsy Wedding**
**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (14:16)
**22.45 Jimmy Kimmel** (e)
**23.30 The Borgias** (3:10) (e)
**00.20 Rookie Blue** (8:13) (e)
**01.10 Royal Pains** (18:18) (e)
**01.55 Everybody Loves Raymond** (2:25) (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** Deutsche Bank Championship - PGA Tour 2012 (3:4) **12.10** Golfing World **13.00** Deutsche Bank Championship - PGA Tour 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Monty's Ryder Cup Memories **19.40** PGA Tour - Highlights (32:45) **20.35** The Sport of Golf (1:1) **21.35** Inside the PGA Tour (36:45) **22.00** Golfing World **22.50** LPGA Highlights (15:20) **00.10** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## ÍNN

**20.00** Íslands Safari **20.30** Tölvur, tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Veiðivaktin

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |


# ÁTTU VON Á GESTUM?

**Lingen** svefnsófi
**TILBOÐ AÐEINS**
**Kr. 99.000,-**
**Verð áður 123.750,-**

**Ný sending á frábæru tilboðsverði!**

Góð svampdýna
Breidd: 200 cm
Dýpt: 120 cm



**20% afsláttur í sept.**

**Betra BAK**

**Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is**


TRYGGÐARPAKKINN
FYLGIR FRÍTT MEÐ
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SKJÁEINUM FYRIR 5. SEPTEMBER OG FÁÐU RISAVAXINN TRYGGÐARPAKKA SKJÁSEINS FRÍTT MEÐ, AÐ ÓGLEYMDU SKJÁFRELSI, NETFRELSI OG SKJÁEINUM Í HÁSKERPU.* ALLT ÞETTA FYRIR AÐEINS 4.290 KR. Á MÁNUÐI.
*SKJÁREINN FER Í HÁSKERPU Í SEPTEMBER.
EKKI MISSA
AF NEINU
4.290
kr. á mán.
TRYGGÐARPAKKI SKJÁSEINS
Gildistími Tryggðarpakkans er frá 1. sept. –1. feb.
5 ERLENDAR STÖÐVAR
BBC Entertainment, MGM, E!, JimJam og Baby TV.
2 BÍÓMIÐAR
2 VOD-MYNDIR*
2 bíómyndir að eigin vali
í SKJÁBÍÓ
*Aðeins fyrir notendur SKJÁSBÍÓS
NÁNARI UPPLÝSINGAR UM TRYGGÐARPAKKANN Á SKJÁRINN.IS
TILBOÐIÐ GILDIR
TIL MIÐNÆTTIS
5. SEPT.
14. sept.!!
SÖNN ÍSLENSK
SAKAMÁL
NÝTT
ÓUPPLÝST
THE GOOD
My Big Fat Gypsy Wedding
Last Chance to Live
27. septe
EKKI
MISSA AF
Þættirnir sem allir eru að tala um
Last Chance to Live / My Big Fat Gypsy Wedding
í kvöld á SkjáEinum
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 595 6000,
INFO@SKJARINN.IS EÐA Á SKJARINN.IS
SKJÁREINN
SKJÁRBÍÓ
SKJÁRHEIMUR
SKJÁRGOLF
K100,5
SKJÁREINN
PIPAR\TBWA • SÍA

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Ætli það sé ekki þátturinn Girls þessa dagana. Mér finnst hann gefa svolítið hressandi mynd af lífi ungra kvenna. Ekki sami rjómaglamúrinn og í Sex and the City til dæmis.“*

Hallgerður Hallgrímsdóttir, listamaður og blaðamaður hjá Húsum og híbýlum.

# Nemur hjá prjónadrottningu

„Þetta er draumur og ég er í skýjunum yfir að komast að hjá Rykiel sem er kölluð „drottning prjónsins“ í tískuheiminum,“ segir fatahönnuðurinn Sigríður María Sigurjónsdóttir, sem heldur út í starfsnám til franska tískuhússins Soniu Rykiel í vikunni.

Sigga Mæja, eins og hún er kölluð, útskrifaðist sem fatahönnuður frá Listaháskóla Íslands í fyrra. Það var í gegnum fagstjóra fatahönnunardeildar, Lindu Björk Árnadóttur, sem Sigga Mæja komst í samband við tískuhús Rykiel. Hún sendi möppuna sína út til Parísar í sumar og fékk svo svar í síðustu viku. „Markmiðið hefur alltaf verið að fara út og öðlast reynslu,“ segir Sigga Mæja sem heldur til höfuðborgar hátískunnar á sunnudaginn.

**?** Rykiel hóf ferilinn 1962 með hönnun á óléttufatalínu og peysum sem hétu Poor Boy Sweater.

Tískuhús Soniu Rykiel, sem var stofnað á sjöunda áratugnum í París, er með þeim virtari í heiminum. Rykiel er þekkt fyrir litríkar prjónaflíkur og rautt úfið hár sitt, en fatahönnuðurinn hannaði línu fyrir sænsku verslunarkeðjuna H&M árið 2009 við góðan orðstír. Sjálf hefur Rykiel dregið sig úr daglegum rekstri tískuhússins en dóttir hennar, Nathalie Rykiel, hefur tekið við kyndlinum. „Mér skilst að mitt hlutverk verði að aðstoða við þróun prjónamunstra en það skýrist betur þegar ég kem út. Ég held að það sem ég geri verði spennandi og áhugavert, sama hvað það verður,“ segir Sigga Mæja en til að byrja með er um að ræða tveggja mánaða samning. Sigga Mæja verður því í París þegar tískuvikan hefst í lok september. „París er sko ekki leiðinlegur staður yfir tískuvikuna, eflaust nóg vinna og mikið stuð.“ **- áp**



**DRAUMUR** Fatahönnuðurinn Sigríður María Sigurjónsdóttir landaði starfsnámi hjá einu virtasta tískuhúsi í heimi, Soniu Rykiel í París. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




### HAFSTEINN GUNNAR SIGURÐSSON: FÍNT AÐ VINNA MEÐ HULDARI

# Fellihýsamenningin kveikti hugmyndina að þáttunum

„Þetta fjallar svolítið um þetta helvíti þegar fjölskyldur sem dagsdaglega eyða kannski litlum tíma saman eru settar í þær aðstæður að þurfa að eyða tíma saman og takast hvert á við annað,“ segir Hafsteinn Gunnar Sigurðsson. Hann hefur verið ráðinn til að leikstýra sinni fyrstu sjónvarpsþáttaröð, Helvítis Ísland, eftir handriti Huldars Breiðfjörð.

Þáttaröðin verður framleidd af Sagafilm og eru samningaviðræður í gangi um að Sjónvarpið sýni hana. Um er að ræða mannlega dramatíska kómedíu um fjölskyldu sem ferðast um landið að undirlagi fjölskylduföðurins í von um að bjarga hjónabandinu. Huldar segist hafa fengið hugmyndina eftir að hafa á ferðalögum sínum um landið fylgst með hjólahýsa- og fellihýsamenningunni sem hefur verið að skapast hérlendis. „Það fór að rifjast upp fyrir mér hvers konar álag getur orðið þegar maður þarf að sitja í bíl og tilheyra fjölskyldu í jafnþröngu rými og láta allt virka.“ Enn á eftir að ráða leikara í þættina en tökur eru áætlaðar næsta sumar. Hafsteinn Gunnar sló í gegn með sinni fyrstu mynd, Á annan veg, sem kom út í fyrra og fjallaði um tvo vegagerðarmenn uppi á hálendi. Bandaríska kvikmyndabiblían Variety hrósaði myndinni og sagði Hafstein hæfileikamann sem kvikmyndaáhugafólk ætti að fylgjast vel með í framtíðinni.

Hafsteinn og Huldar kynntust er þeir voru báðir í kvikmyndanámi í New York. Þeir eru einnig með kvikmynd í bígerð sem heitir Kalt vor og verður tekin upp á næsta ári eftir að tökum á Helvítis Íslandi lýkur. Það er einnig dramatísk kómedía sem fjallar um samband feðga og gerist í litlu þorpi á Vestfjörðum. „Það er voða fínt að vinna með Huldari. Við erum góðir vinir og svo deilum við svipaðri sýn á hlutina. Hann er frábær höfundur og okkur langar að gera fleiri verkefni saman,“ segir Hafsteinn og Huldar bætir við: „Þetta er í fyrsta skipti sem ég skrifa sjónvarpsseríu. Okkur langaði að prófa þetta „format“ og það hefur verið ansi gaman að vinna inni í því.“

freyr@frettabladid.is



**HELVÍTIS ÍSLAND** Hafsteinn Gunnar Sigurðsson og Huldar Breiðfjörð vinna að nýrri sjónvarpsþáttaröð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### TILNEFNDUR TIL KVIKMYNDAVERÐLAUNA

Fyrsta kvikmynd Hafsteins Gunnars Sigurðssonar, Á annan veg, var í gær tilkynnt sem framlag Íslands til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs. Hún keppir við eina mynd frá hverju hinna norrænu ríkjanna: Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Í verðlaun er andvirði 350.000 danskra króna, eða um sjö milljónir króna, sem er veitt kvikmynd sem á rætur í norrænni menningu og býr yfir miklum listrænum gæðum. Á annan veg hefur þegar verið endurgerð í Hollywood undir nafninu Prince Avalanche. Leikstjóri hennar er David Gordon Green sem á að baki myndir á borð við Your Highness, Pineapple Express og The Sitter. Með aðalhlutverk fara Paul Rudd og Emile Hirch og er frumsýning fyrirhuguð á næsta ári.

# Rokkarar fá Rokkjötnahúðflúr

Listakonan Ýrr Baldursdóttir mun bjóða gestum tónlistarhátíðarinnar Rokkjötnar upp á ókeypis „airbrush-Rokkjötnatattú“ sem síðar verður hægt að þvo af sér.

„Þú þarft ekki að sjá eftir því þótt þú sért kominn í glas að hafa skellt á þig rokktattúi,“ segir Ýrr. Þeir sem verða ánægðir með útkomuna og vilja fá alvöru Rokkjötnahúðflúr geta bókað sig á tónleikunum og mætt síðar meir á stofuna hennar. Þar fá hátíðargestir 75% afslátt af húðflúrinu. „Airbrush“ er nokkurs konar líkamsmálning sem einnig er hægt að spreyja á föt. „Þetta tekur mun styttri tíma en nálin og er mun sársaukaminna,“ segir Ýrr.

Listakonan málaði í sumar fyrir rokkarana í Skálmöld handsmíðaðan gítar af tegundinni Fender sem verður boðinn upp á Rokkjötnum, eins og Fréttablaðið hefur greint frá. Allur ágóðinn rennur til samtakanna Blátt áfram. „Þetta er frábært málefni og það er mikilvægt að vekja fólk til umhugsunar um það.“

Átta íslenskar rokksveitir stíga á svið á Rokkjötnum í Kaplakrika á laugardaginn, þar á meðal Ham, Skálmöld og Sólstafir. **- fb**



**ÝRR BALDURSDÓTTIR** Listakonan býður upp á sérstakt Rokkjötnahúðflúr á hátíðinni Rokkjötnar á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR

# LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR

KASTHJÓL
30-50%

FLUGULÍNUR
20-40%
AFSLÁTTUR

VEIÐISETT
STÖNG, HJÓL
OG GIRNI
40%
AFSLÁTTUR

VEIÐIJAKKAR
20-50%
AFSLÁTTUR

KASTSTANGIR
30-50%

VÖÐLUR
30%
AFSLÁTTUR

OKUMA
FLUGUHJÓL
MEÐ 4 SPÓLUM
OG TÖSKU.
AÐEINS 9.995,-

STRANDVEIÐI-
STANGIR OG HJÓL
40%
AFSLÁTTUR

VEIÐIVESTI
FRÁ 1.995,-

FLUGUR
20%
AFSLÁTTUR

SJÓKAYAKAR
OG BÚNAÐUR
20%
AFSLÁTTUR

SPÚNAR
FRÁ 299,-

SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 4 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

*Í leiðinni úr bænum*

MÁN. TIL FÖS.- 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

EKKI MISSA AF SUMARÚTSÖLU SPORTBÚÐARINNAR SPORTBÚÐIN KRÓKHÁLSI 4

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stiller í stjörnufans

Flestum er kunnugt um dvöl leikarans og leikstjórans Bens Stiller hér á landi við tökur á myndinni The Secret Life of Walter Mitty. Á laugardagskvöldið tók Stiller sér greinilega frí frá tökum og til hans sást á barnum á 101 hóteli í Reykjavík. Þar voru sessunautar Hollywood-stjörnunnar engir aðrir en leikkonan unga og efnilega **María Birta Bjarnadóttir** og **Ólafur Darri Ólafsson**. Ekki er vitað hvernig fund þeirra þriggja bar að en vitað er að Stiller leitaði að íslenskum leikurum í stór hlutverk í myndina fyrr á árinu. Tíminn leiðir svo í ljós hvort þau María Birta og Ólafur Darri verði með Stiller á hvíta tjaldinu á nýju ári.



### Mið-Ísland snýr aftur

Strákarnir í uppistandshópnum Mið-Íslandi eru komnir úr sumarfríi og munu stíga á svið í Þjóðleikhúsinu fjórum sinnum á næstu vikum. Þeir **Ari Eldjárn,** Bergur Ebbi, Dóri DNA, Jóhann Alfreð og Björn Bragi ríða á vaðið á morgun í Þjóðleikhúskjallaranum og endurtaka leikinn að viku liðinni. Í október færa þeir sig svo yfir á stóra sviðið þar sem þeir munu koma fram miðvikudagana 17. og 24. október. Gestur hópsins á þessum fjórum sýningum verður leikkonan **Anna Svava Knútsdóttir** en hún hefur áður komið fram með spaugurunum og ætti því að vera öllu vön. **- áp, mþl**



## Mest lesið vísir

1. Kókaíndrottning Kólombíu skotin til bana í Medellin
2. Draugaskip vekur athygli í Bandaríkjunum
3. Íslenskur karlmaður um fimmtugt fórst í Jökulsá í Lóni
4. Lífrænt ræktuð matvæli ekki hollari en þau hefðbundnu


*Ný bók*

*eftir metsöluhöfundinn*

*Jodi Picoult*




*www.forlagid.is*



# *Heilbrigð & hamingjusöm*

Við getum allar verið heilbrigðari & hamingjusamari.
Með KK-Eðaláskrift hefurðu aðgang að því sem til þarf fyrir aðeins 7.990* á mánuði.
Með þátttöku í KK klúbbnum kemstu jafnt í opna sem LOKAÐA tíma.

KK klúbburinn er klárlega hagstæðasta leiðin.

Allt þetta er innifalið í Baðhúsinu fyrir aðeins kr. 7.990* á mánuði;

- Afró.
- Zumba.
- FondaFitness.
- Hot jóga.
- Heitt JógaTóning.
- Salsa.
- 80´s diskóveisla.
- CxWorX.
- Sálarspinning.
- Heilsuátak.
- Krossþjálfun.
- Tabata (Trx, Bosu, ketilbjöllur).
- Les Mills tímar.
- Óperuspinning.
- Stórátak.
- Tækjakennsla.
- FlexiFit.
- Hot Balance.
- o. m. fl.

**Auk þessa fylgja eftirfarandi fríðindi að verðmæti kr. 87.340;**
- Árskort í Sundlaugar Reykjavíkur (ÍTR).
- 2 tímar hjá einkaþjálfara.
- Vikukort fyrir vinkonu.
- 5 stykkja booztkort.
- Handklæði við hverja komu.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug, vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri.

Komdu í Baðhúsið - og náðu markmiðum þínum.
Við getum það allar.

**Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk**



**Vegna mikillar aðsóknar framlengjum við tilboðinu!**
**Skráðu þig í KK-Eðaláskrift fyrir 8. september og við gefum þér**
**FLUGMIÐA TIL LONDON!**
**með Iceland Express**
**Verðmæti um 40.000 kr.

Ljósmyndari Kjartan Már

**» Kvennaveisla í Baðhúsinu á laugardag kl. 10.00-13.00. Frítt inn. Sjá nánar á www.badhusid.is**

*Aðrar áskriftarleiðir einnig í boði frá kr. 5.490 á mánuði.*

7.990* á mánuði í KK áskriftarklúbbnum, Eðaláskrift, lágmarkstími 12 mánuðir.
**Flugvallarskattar eru ekki innifaldir og greiðast sérstaklega. Valdar dags. í boði.

BAÐHÚSIÐ
www.badhusid.is
Sími 515-1900